



Sveitarfélagið
ÁRBORG



Stöðuskýrsla og framtíðarsýn fjölskyldusviðs Árborgar

fyrir tímabilið 31. maí 2021 – 1. desember 2022



Unnið fyrir fagnefndir fjölskyldusviðs, bæjarráð, bæjarstjórn,
starfsfólk Sveitarfélagsins Árborgar, íbúa og aðra þá sem áhuga hafa.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Stefnumótandi áherslur fjölskyldusviðs	3
Farsældarteymi Árborgar	3
Greining úrræða í stigskiptri þjónustu	6
Fræðsluferð fjölskyldusviðs til Danmerkur	7
Frístundaþjónusta	10
Leikskólar og grunnskólar	15
Skólaþjónusta	25
Velferðarþjónusta	30
Ýmis þverfagleg verkefni	35
Sviðsstjóri kveðjur og nýr tekur við	40

Inngangur

Stöðuskýrslan fjallar um umbóta- og þróunarstarf á fjölskyldusviði frá vordögum 2021 en þá var fyrsta stöðuskýrsla fjölskyldusviðs gefin út en fagsviðið var stofnað 1. mars 2019. Skýrslan tekur til skóla og annarra deilda fjölskyldusviðs, þróunar verkferla, þverfaglegar þjónustu, nýlegra verkefna og einnig er leitast við að horfa fram á veginn. Stöðuskýrslan var unnin af stjórnendum og starfsfólki og samhljómur er um að mikil gróska hafi verið á fjölskyldusviði síðastliðin tvö til þrjú ár. Á fagsviðinu starfa margar fagstéttir sem hafa lagt sig fram um að þróa gott þverfaglegt samstarf og þjónustu við íbúa á öllum aldri. Að undanförunu hafa stjórnendur og starfsfólk á fjölskyldusviði leitast við að stilla saman strengi og vinna að sameiginlegri framtíðarsýn. Nú sem fyrr eru stjórnendur sammála um að leggja þurfi áherslu á starfsþróun, umbótastarf, skýra verkferla og samræmingu á reglum þvert á deildir fjölskyldusviðs. Það verður best gert með straumlínustjórnun þar sem lögð er rækt við teymisvinnu og ígrundun í kringum margbreytileg úrlausnarefni. Þegar unnið er í þeim anda aukast líkur á valdeflingu starfsfólks sem er

lykill að starfsánægju og öflugri þjónustu á fjölskyldusviði við íbúa sveitarfélagsins. Eins og fram kom í stöðuskýrslu fjölskyldusviðs árið 2021 verða árin 2020-2021 lengi í minnum höfð enda hafði Covid veruleg áhrif á allt samfélagið og ekki síst skóla- og frístundastarf. Starfsfólk skóla, frístundar og fleiri stofnana hefur þurft að setja sig í nýjar og áður óþekktar vinnustellingar og heimsfaraldurinn hefur að hluta skert starf margra skóla. Þegar við höldum sumarið 2021 að þessu væri nánast lokið blossaði faraldurinn upp aftur og á árinu 2022 þurftu sumir skólar í Árborg að skerða þjónustu sína verulega v/Covid. Á undanförunum mánuðum hefur verið unnið markvisst að innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna en sú vinna byggir á miklu samstarfi þjónustuveitenda á fjölskyldusviði en einnig m.a. við HSu, FSu, Barna- og fjölskyldustofu, ráðuneyti og önnur sveitarfélög. Það var ánægjulegt að Sveitarfélagið Árborg skyldi fá beiðni um að vera eitt af fjórum frumkvöðlasveitarfélögum um innleiðingu á farsældarlögum.

2. Stefnumótandi áherslur fjölskyldusviðs

Leitast er við að veita öflug, samþætta og þverfaglega þjónustu á fjölskyldusviði þar sem helstu áhersluatriði eru eftirfarandi:

- Mótun sameiginlegrar sýnar
- Notendasamráð og snemmtækur stuðningur
- Lausnamiðuð hugsun
- Þróun úrræða
- Þróun stigskiptrar farsældarþjónustu fyrir börn og barnafjölskyldur
- Tryggja farsæld barna í Árborg
- Straumlínustjórnun og teymisvinna
- Stuttar boðleiðir
- Brugðist fljótt við þjónustuþörf
- Þróun samstarfs og samþættingar sem styður við samfellda þjónustu
- Mótun verklags sem stuðlar að meiri skilvirkni og hagkvæmni
- Mótun nýrra leiða til að efla þjónustu við íbúa
- Sterk liðsheild og góð vinnustaðamenning
- Miðlun reynslu og þekkingar milli starfsfólks

3. Farsældarteymi Árborgar

Innleiðing laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

Farsældarteymi Árborgar var stofnað í kjölfar gildistöku laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna en þau tóku gildi 1. janúar 2022. Í teyminu eru:

- Anna Rut Tryggvadóttir, teymisstjóri barnaverndarþjónustu
- Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, leikskólaráðgjafi skólaþjónustu
- Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson, deildarstjóri frístundaþjónustu
- Heiða Ösp Kristjánsdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu
- Kristín Björk Jóhannsdóttir, verkefnastjóri farsældarteymis
- Lucinda Árnadóttir, yfirsálfræðingur skólaþjónustu
- Margrét Björk Brynhildardóttir, deildarstjóri skólaþjónustu
- Sigbrúður Birta Jónsdóttir, teymisstjóri barnateymis
- Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs
- Þórunn Kristjánsdóttir, ráðgjafi í málefnum fjölskyldna

Hlutverk teymisins hefur verið að vinna að innleiðingu laganna, móta verkferla og endurskoða starfshætti allra helstu deilda fjölskyldusviðs, þar með talið skólanna, í takt við þessa

nýju löggjöf. Teymið hefur átt í góðu samstarfi við starfsfólk leik- og grunnskóla og frístundaþjónustu, auk þess að vera í samstarfi við Barna- og fjölskyldustofu um innleiðingu laganna. Gert er ráð fyrir að innleiðingarferlið taki 3-5 ár en það er ljóst að Árborg er vel á veg komið og hefur t.d. tekið að sér að vera frumkvöðlasveitarfélag í þessum málaflokki.

Farsældin snýst um að skapa börnum bestu skilyrði til að geta þroskast á eigin forsendum til framtíðar

Með lögunum er verið að leggja áherslu á að samstarf þjónustukerfa verði hluti af almennri grunnþjónustu og tryggja aðgengi barna og forsjáradila að snemmtækri og samþættri þjónustu í takt við þarfir á hverjum tíma. Stigskipt farsældarþjónusta tryggir forsjáradilum þjónustu tengiliðar og/eða málstjóra sem styður við farsæld barns með upplýsingagjöf, ráðgjöf og aðgengi að einstaklingsbundnum og snemmtækum stuðningsúrræðum. Tengiliður getur t.d. verið sérkennslustjóri í leikskóla, deildarstjóri í grunnskóla, sérfræðingur í stoðþjónustu leik-, grunn- og framhaldsskóla, hjúkrunarfræðingur í ung barnavernd eða sérfræðingur hjá fjölskyldusviði. Málstjórar eru starfsmenn fjölskyldusviðs sem bera ábyrgð á að stuðningsteymi sé sett saman og gerð sé stuðningsáætlun.

Lykillinn að samþættri farsældarþjónustu liggur í möguleikum þjónustukerfa til samráðs

Með því að forsjáradilar óski eftir samþættingu þjónustu þá um leið heimila þeir þjónustukerfunum að vinna saman og miðla upplýsingum sem styðja við farsæld barns.

Farsældarskref í Árborg

Frá stofnun farsældarteymisins í byrjun janúar á þessu ári hefur starfið verið þróað og mótað í kringum eftirfarandi fimm farsældarskref.

Skref 1: Að skipa tengiliði

Allir leik- og grunnskólar hafa nú skipað tengiliði í sinni grunnþjónustu og eru þeir auglýstir á heimasíðu hvers skóla undir farsældarflipa. Forsenda fyrir skipun tengiliða var ígrundandi samtal við stjórnendateymi í leik- og grunnskólum um hlutverk og ábyrgð tengiliða og samspil þess við ábyrgð og skyldur stjórnenda samkvæmt leik- og grunnskólalögum. Á haustmánuðum er sú sýn að skýrast að hlutverk tengiliða er fyrst og fremst að vera forsjáradilum og börnum til aðstoðar við að koma á viðeigandi stuðningi og þjónustu sem fyrst.

Hlutverk tengiliða

Foreldrar og börn í Árborg hafa aðgang að tengiliði í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins. Tengiliður hefur hagsmuni barns að leiðarljósi í samstarfi og samráði við foreldra og barn. Hlutverk tengiliðar er að:


- veita upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns
- aðstoða við að tryggja aðgang að frummati á þörfum barns
- skipuleggja og fylgja eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns
- koma upplýsingum til sveitarfélags um þörf fyrir tilnefningu málstjóra þjónustu í þágu farsældar barns
- taka þátt í starfi stuðningsteymis eftir því sem við á

Beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns

Samþætt þjónusta er skipulögð og samfelld þjónusta sem hefur það að markmiði að stuðla að farsæld barns og styðja við uppvaxtarskilyrði. Samþætt þjónusta er veitt af þeim þjónustuveitendum sem eru best til þess fallnir að mæta þörfum barns.



Með því að óska eftir samþættingu þá eru forsjáradilar að gefa fulltrúum frá leik-, grunn- og framhaldsskólum, skóla- félags- og heilbrigðisþjónustu heimild til samstarfs og að miðla upplýsingum sín á milli til að móta stigskipta farsældarþjónustu í þágu farsældar barns.



Stigskipt farsældarþjónusta á að tryggja aðgengi að samþættri þjónustu án hindrana.
Með beiðni um samþættingu þjónustu þá fá forsjáradilar aðgang að tengilið frá heilbrigðisstofnun eða frá leik-, grunn-, og framhaldsskóla, ráðgjafa og/eda málstjóra frá fjölskyldusviði.
Hægt er að nálgast beiðni hjá skólastjórnendum og starfsfólki fjölskyldusviðs Árborgar.

Farsældarteymi Árborgar 2022

Skref 2: Að móta stigskipta þjónustu í þágu farsældar barna

Farið hefur fram samtal og umræða með stjórnendum og starfsfólki í leik- og grunnskólum, starfsfólki skólaþjónustu, barnateymis, barnaverndar, frístundaþjónustu, heilsugæslunnar og Fjölbrotaskóla Suðurlands um hvað felst í stigskiptri farsældarþjónustu. Leiðbeinandi verklag og vinnugögn til að innleiða stigskipta farsældarþjónustu í Árborg er nú aðgengilegt á rafrænum upplýsingavegg (padlet) fyrir starfsfólk í leik- og grunnskólum og hjá fjölskyldusviði. Samstarfsaðilar hjá HSu og

FSu hafa einnig fengið aðgang að þessum upplýsingum.

Horft hefur verið til þess að finna leiðir til að styrkja grunnþjónustuna sem er á 1. stigi og velja því upp hvað við sem sveitarfélag viljum leggja áherslu á áður en mál fara upp á 2. og 3. stigið með málstjórn og sérhæfðari þjónustu. Hugur er í grunnþjónustunni að nýta innleiðingarferlið til að horfa inn á við og styðja við faglegt innra starf og starfsþróun starfsfólks. Leikskólastjórnendur eru með í vinnslu hugmynd að þróunarverkefni um innleiðingu á stigskiptri farsældarþjónustu innan leikskólans.

Stigskipt þjónusta í þágu farsældar barna

- 1
 - Fagleg grunnþjónusta
 - Þverfagleg stoðþjónusta
 - Teymisvinna
 - Sarfstengd leiðsögn
 - Tengiliður og samþætting
 - Lausnateymi
 - Nemendamiðuð ráðgjöf
 - Skimun
 - Félagsleg ráðgjöf
 - Fagleg frístundaþjónusta

- 2
 - Frumat
 - Málstjóri
 - Markviss stuðningsþjónusta
 - Stuðningsáætlun

- 3
 - Greining
 - Málstjóri
 - Sérhæfður stuðningur
 - Stuðningsáætlun



Skref 3: Að koma á stafrænni útfærslu sem styður við samþættingu þjónustu og einfaldar verkferla

Áhersla hefur verið lögð á að rýna í verklag við að koma á samþættingu og hvernig beiðnir um samþættingu eru afgreiddar innan grunnþjónustu og hjá fjölskyldusviði. Ljóst er að skilvirkni og skýrir verkferlar er fyrsta skrefið í farsælli innleiðingu og þar þarf að byggja á stafrænni þróun og útfærslu. Samþætting þjónustu kallar á að finna leiðir til að þjónustukerfi geti unnið saman að áætlanagerð og samræmt áherslur til farsældar fyrir barn og fjölskyldu í takt við persónuverndarlög. Deildarstjóri stafrænnar þróunar og persónuverndarfulltrúi sveitarfélagsins hafa tekið virkan þátt í samtali við farsældarteymið um leiðir og lausnir. Í dag er helst verið að nýta TEAMS fyrir sameiginleg vinnusvæði til að vinna stuðningsáætlunina. Fróðleikur um farsældina á heimasíðum leik- og grunnskóla með upplýsingum til foreldra hvar hægt sé að nálgast tengiliði er liður í því að auðvelda aðgengi að samþættri þjónustu. Næsta skref er að foreldrar geti sótt rafrænt um samþættingu þjónustu á heimasíðu skólans. Í smíðum er málakerfi fyrir leik- og grunnskóla sem mun styðja vel við stigskipta farsældarþjónustu og einfalda verkferla þvert á þjónustukerfi í samræmi við persónuverndarlög.

Skref 4: Starfstengd leiðsögn fyrir tengiliði og málstjóra fjölskyldusviðs

Innleiðingarferlið kallar á nýja sýn fagstétta og um leið breytt verklag sem getur falið í sér faglegar áskoranir. Aðgengi að starfstengdri leiðsögn er nauðsynleg í því starfsþróunarferli. Áhersla hefur verið lögð á aðgengi að starfstengdri leiðsögn til tengiliða þegar meta á þörf fyrir samþætta þjónustu. Deildarstjórar, umsjónarkennarar, sérkennarar og þroskaþjálfar

hafa fengið leiðsögn við gerð stuðningsáætlunar og skráningu á þeirri aðlögun sem fram fer í skólastarfi. Málstjórar hafa nýtt leiðsögn við að tileinka sér verklag við að afla upplýsinga úr foreldrasamtölum og skrá þær inn í stuðningsáætlunina.

Skref 5: Kynningarstarf fyrir börn, foreldra og starfsfólk

Á skóladegi Árborgar 30. mars og málþingi leikskólanna, sem haldið var sama dag, var fyrsta formlega kynningin og samráð með starfsfólki í leik- og grunnskólum og frístundaþjónustu. Frétt birtist um starf farsældarteymis á heimasíðu sveitarfélagsins 11. júlí. Kynningarstarfið hefur fyrstu mánuðina verið í formi samráðsfunda þar sem þessi nýja löggjöf um farsæld barna er kynnt til leiks. Ungmennaráð Árborgar íhugar að taka þátt í að búa til kynningarefni til að miðla til barna og foreldra.


Verkefni farsældarteymis mun á næstu misserum beinast að því að styðja grunnþjónustuna í að móta og þróa stigskipta þjónusta í þágu farsældar barna.

4. Greining úrræða eftir stigskiptri þjónustu

Í desember 2021 kom út skýrsla sem kynnti greiningu úrræða eftir stigskiptri þjónustu í sex sveitarfélögum og var Árborg eitt þeirra. Samkvæmt lögum nr. 86/2021 kemur m.a. fram að þjónusta í þágu farsældar barna verði veitt í þremur þjónustustigum.

- **Fyrsta stigs þjónusta:** Grunnþjónusta sem er aðgengileg öllum börnum og foreldrum þeirra ásamt úrræðum þar sem veittur er einstaklingsbundinn og snemmtækur stuðningur með það að markmiði að styðja við farsæld barns.
- **Annars stigs þjónusta:** Einstaklingsbundinn og markviss stuðningur í samræmi við faglegt mat og/eða frumgreiningu á þörfum barns. Markmið er að tryggja farsæld barns.
- **Þriðja stigs þjónusta:** Einstaklingsbundinn og sérhæfður stuðningur í samræmi við sérhæft og ítarlegt mat og/eða greiningu á þörfum barns. Markmið er að tryggja að farsæld barns verði ekki hættu búin.

Við söfnun gagna og úrvinnslu var rætt við Þorstein Hjartarson, sviðsstjóra fjölskyldusviðs og Heiðu Ösp Kristjánsdóttur, deildarstjóra félagsþjónustu. Hjá heilsugæslu Selfoss var rætt við Margræti Björgu Ólafsdóttur, fagstjóra hjúkrunar, Önnu Guðríði Gunnarsdóttur, verkefnastjóra ungbarnaverndar, Þorbjörgu Önnu Steinarsdóttur, verkefnastjóra skólahjúkrunarfræðinga og Thelmu Gunnarsdóttur, yfirsálfræðing. Þá kemur fram í skýrslunni að Sveitarfélagið Árborg hafi í gegnum árin unnið markvisst að því að veita börnum snemmtækan stuðning. Árið 2019 voru gerðar skipulagsbreytingar þar sem stofnað var fjölskyldusvið og félagsþjónusta, skólar, skólaþjónusta og frístundaþjónusta var sameinað undir það svið. Mikið og þétt samstarf er á milli þessara deilda í dag sem auðveldar uppbyggingu á snemmtækri þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Á fyrsta stigi er almennur félagslegur stuðningur, til dæmis klúbbar og opið hús í félagsmiðstöð. Á öðru stigi er starfrækt sértækt hópastarf fyrir börn sem þurfa markvissari félagslegan stuðning. Á þriðja stigi er veitt sérhæfður stuðningur við börn frá 10 ára aldri þar sem þau fá einstaklingsbundna þjónustu til að efla sig félagslega. Fjölmörg námskeið eru í boði í Árborg, m.a. Klókir litlir krakkar, Uppeldi sem virkar – Færni til framtíðar, Klókir krakkar, PEERS námskeið í félagsfærni og Dale Carnegie námskeið. Ýmis samráðsteymi eru starfandi í Árborg, má þar nefna lausnateymi í grunnskólum sem fulltrúar skólans sitja í ásamt skólahjúkrunarfræðingi, ráðgjafateymi í leikskólum



en í því teymi eru fulltrúar frá leikskólanum, sérfræðingar frá skóla- og félagsþjónustu og hjúkrunarfræðingur frá ung- og smábarnavernd, nemendaverndarráð og stuðningsteymi sem heldur utan um einstakt barn þegar þörf er á að veita samþætta þjónustu á grundvelli stuðningsáætlunar ásamt eftirfylgd. Hér gefur að líta úrræði Sveitarfélagsins Árborgar eins og þau voru sett fram í skýrslunni.



5. Fræðsluferð fjölskyldusviðs til Danmerkur

Dagana 7.-11. september síðastliðinn fór góður hópur starfsfólks frá fjölskyldusviði Árborgar í fræðslu- og kynnisferð til Danmerkur. Hópurinn heimsótti sveitarfélögin Herning og Ikast-Brande á Jótlandi. Í Herning fékk hópurinn kynningu á pólitískum áherslum sveitarfélagsins og í máli Anne Mette Bang, varaborgarstjóra, kom meðal annars fram að aukin áhersla er á skólamálin og eflingu stuðningsþjónustu. Það er gert út frá fjölgun barna með þungar greiningar sem glíma við mikla tilfinningalega erfiðleika og hafi þörf fyrir sérúrræði. Það vakti athygli hópsins að 4% barna í Herning eru í sérskólum. Einnig kom fram í máli Anne Mette að skólarnir hafi verið afar bóknámsmiðaðir en nú sé meiri áhersla á sveigjanlega kennsluhætti, m.a. kennsluráðgjöf, teymiskennslu, samþættingu námsgreina og verklegt nám. Í Herning eru 23 grunnskólar, í fjölmennasta skólanum eru um eitt þúsund nemendur og í þeim fámennasta 75 nemendur. Í leikskólum sveitarfélagsins er áhersla lögð á málörvun, orðaforðakennslu

og ráðgjöf til foreldra. Engir biðlistar eru eftir leikskólaplássi enda setur sveitarfélagið þau mál í forgang með snemmtækan stuðning að leiðarljósi. Öll börn hafa greiðan aðgang að vistunarúrræðum, jafnvel allt frá fæðingu þegar þörf er á. Dagvistun og vöggustofur eru í boði fyrir börn á aldrinum 0-2,9 ára. Fjölbreytt leikskólatilboð eru svo í boði fyrir börn 2,9 ára fram að grunnskóla.

Fjölskyldusmiðstöðin í Herning
Samstarfslíkan í skóla- og velferðarmálum. Í áhugaverðri kynningu lykilstjórnenda í fjölskyldumiðstöðinni í Herning var meðal annars fjallað um hið formlega samstarfslíkan en þar vinna skólar, dagvistunarúrræði, leikskólar, heilsugæsla, skólaþjónusta (Pedagogical Psychological Counselling) og félagsþjónusta þétt saman. Leitast er við að bjóða foreldrum sem oftast til samstarfs enda þekkja þeir börn sín best og því er mikil áhersla lögð á þátttöku foreldra. Þegar samstarfslíkanið

aukið enn frekar aðgengi íbúa að þjónustu sveitarfélagsins líkt og tíðkast víða í Danmörku. Einnig vöktu þau úrræði, sem bjóða upp á fjölskyldumeðferð þegar barn á í vanda, mikla athygli. Eitthvað sem við þyrftum helst að efla hér í Árborg og á landinu öllu. Stuðningur og nálgun varðandi fósturfjölskyldur er einnig eitthvað sem starfsfólki fjölskyldusviðs fannst tilvalið að innleiða hjá okkur. Svo það megi verða þarf að tryggja fræðslu, handleiðslu og stuðning, bæði við fagfólk og fósturfjölskyldur.

Herning líkanið er um margt sambærilegt hugmyndafræðinni sem fjölskyldusvið Árborgar byggir starf sitt á, þ.e. áhersla á gott þverfaglegt samstarf, teymisvinnu, samþætta þjónustu, snemmtækan stuðning og fjölbreytta og lausnamiðaða nálgun. Í Danmörku, líkt og hér á landi, standa sveitarfélög frammi fyrir mannekle þar sem skortur er á sérfræðingum og starfsfólki í umönnunarstörfum. Þá kom fram í ígrundun starfsfólks fjölskyldusviðs að til að geta tryggt snemmtækan stuðning og íhlutun verðum við að halda áfram að fjölga starfsfólki í samræmi við fjölgun íbúa sveitarfélagsins og gera enn betur í því ná niður þeim biðlistum sem við stöndum frammi fyrir í dag. Ljóst er að biðlisti eftir þjónustu er mun lengri á Íslandi en í Danmörku. Það að fjölskyldan í Herning þurfi ekki að bíða úrlausna er líklega ein af þeim lykildreytum sem skýra eftirtektarverðan árangur sem náðst hefur í Herning.

Starfsfólk fjölskyldusviðs Árborgar er mjög hrifið af þeirri hugmynd að öll meginstarfsemi fagsviðsins verði í framtíðinni á einum stað. Þar væri í boði ráðgjöf, stuðningur, fræðsla, handleiðsla fyrir fagfólk og fjölbreytt úrræði í formi meðferða og námskeiða. Um væri að ræða húsnæði með mismunandi rýmum sem væru bæði lokuð skrifstofurými en einnig rými fyrir teymisvinnu, viðtöl, námskeiðahald sem og stærri og minni fundi. Með slíkri fjölskyldumiðstöð fengi hugmyndafræðin um þverfaglegt samstarf, teymisvinnu og farsæld barna byr undir báða vængi. Það er gott að láta sig dreyma og draumur um sameiginlega fjölskyldu- og frístundamiðstöð í Árborg, þar sem börn og fjölskyldur geta sótt alla helstu þjónustu, er ekki bara draumur heldur spennandi framtíðarsýn og raunhæfur valkostur að mati starfsfólks fjölskyldusviðs.

Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson, deildarstjóri frístundaþjónustu
Heiða Ösp Kristjánsdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu
Margrét Björk Brynhildardóttir, deildarstjóri skólaþjónustu
Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs

6. Frístundaþjónusta

Skipulagsbreytingar vorið 2022

Í fundi bæjarstjórnar í júní 2022 voru samþykktar skipulagsbreytingar á frístunda- og menningardeild. Skiptist deildin annars vegar í frístundaþjónustu en henni tilheyra málefni sem tengjast frístundum, íþróttum og íþróttamannvirkjum, æskulýðsmálum, forvörnum og lýðheilsu, og hins vegar í menningar- og upplýsingadeild en henni tilheyra málefni sem tengjast menningu og upplýsingum. Gunnar E. Sigurbjörnsson er deildarstjóri frístundaþjónustu sem tilheyrir fjölskyldusviði og Margrét Blöndal var ráðin deildarstjóri menningar- og upplýsingadeildar sem tilheyrir stjórnsýslusviði.

Gildi og markmið frístundamiðstöðvar Árborgar

- Fjölbreytileiki
- Samvinna
- Gleði
- Traust

Vorið 2022 var farið í mikla vinnu við að finna gildi frístundamiðstöðvar Árborgar. Allt starfsfólk frístundaklúbba, frístundaheimila, félagsmiðstöðvar og ungmennahúss tóku þátt í þeirri vinnu og var niðurstaðan þessi fjögur gildi, þ.e. fjölbreytileiki, samvinna, gleði og traust. Þetta eu fjórir þættir sem starfsemin stendur fyrir og endurspeglast í allri starfsemi okkar en á ólíkan hátt. Hver og einn starfsstaður hefur unnið áfram með gildin í samráði við börn og ungmenni. Útbúin hefur verið aðgerðaáætlun sem tengist gildum frístundamiðstöðvarinnar fyrir skólaárið 2022-2023 sem hver starfsstaður vinnur markvisst að. Hægt er að nálgast aðgerðaáætlanirnar á heimasíðu frístundamiðstöðvarinnar. Gildin sem eru einkunnarorð vettvangs frítímans í Árborg eru:

Fjölbreytileiki

- Öll börn og ungmenni eru velkomin
- Mætum þörfum hvers og eins með styrkleika þeirra að leiðarljósi
- Fjölbreyttur hópur starfsfólks með mismunandi styrkleika og færni
- Stuðlað er að virku barna- og ungmennalýðræði
- Sveigjanleg og fjölbreytt starfsemi

Samvinna

- Stuðlum að góðum starfsanda
- Öflugt þverfaglegt samstarf

- Leggjum áherslu á gott samstarf við samfélagið
- Vinnum markvisst með fjölbreytt hópastarf

Gleði

- Opin jákvæð og uppbyggileg samskipti
- Lögð er áhersla á að efla félagsfærni
- Ýtum undir sköpunargleði og frelsi
- Höfum gaman og leikum okkur
- Stuðlum að geðheilbrigði

Traust

- Lögð er áhersla á virkt upplýsingaflæði
- Þekkir starfsfólk rétt sinn og ábyrgð í leik og starfi
- Virðum trúnað og tilkynningarskyldu
- Fagleg og vönduð vinnubrögð
- Erum til staðar fyrir hvert annað



Hinsegin vika Árborgar haldin í fyrsta sinn

Vikuna 17. - 23. janúar 2022 hélt forvarnateymi Árborgar í samvinnu við sveitarfélagið sína fyrstu Hinseginviku frá upphafi. Hátíðin var haldin til að auka fræðslu, skapa umræður og veita stuðning þeim sem tengja við hinsegin málefni á einn eða annan hátt. Til að mynda voru lesnar bækur um hinsegin málefni í leikskólum sveitarfélagsins, regnbogafánum var flaggjað víðs vegar um bæinn og GK bakari bakaði í regnbogalítum. Fornvarnateymið hvatti fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins til að taka þátt með einum eða öðrum hætti. Þá voru íbúar hvattir til að klæðast regnbogalítum 19. janúar og sýna þannig samstöðu og stuðning. Þann 17. janúar kl. 20:30 var fræðsla í boði á TEAMS í boði Samtakanna '78 fyrir íbúa sveitarfélagsins.

Í fræðslunni var farið yfir grunninn að hinseginleikunum, fjallað um kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni og kyntjáningu. Farið var yfir helstu grunnhugtök og orðanotkun tengda hinseginleikanum og fjallað um starf Samtakanna '78.

Hinsegin opnanir í Zelsíuz og Pakkhúsinu

Félagsmiðstöðin Zelsíuz og ungmennahúsið Pakkhúsið leiddu saman krafta sína og hófu hinsegin opnanir haustið 2021. Í fyrstu voru opnanirnar aðra hverja viku en vegna góðrar þátttöku hefur það aukist og eru nú vikulega. Hinsegin opnanirnar eru fyrir 13 ára og eldri og eru ætlaðar hinsegin ungmennum eða þeim ungmennum sem tengja við hinsegin

málefni að einhverju leyti. Skemmtileg dagskrá er í boði og er hún búin til af notendum undir dyggri handleiðslu starfsmanna.

Miðdeildarstarf Zelsíuz

Miðdeildarstarf Zelsíuz fer fram í hverjum skóla fyrir sig. Þannig hefur fyrir komulagið verið síðastu ár og gengið vel.

Áhersla er lögð á að ná til þeirra barna sem þarfnast félagslegs stuðnings og að bjóða upp á fjölbreytileg viðfangsefni. Það hefur ýmislegt skemmtilegt og áhugavert verið í dagskrá, m.a. brjóstsykursgerð, bolagerð, tölvuleikjamat, spurningakeppnir og margt fleira.

Einu sinni í mánuði er boðið upp á sérstakt sjöunda bekkjarkvöld og fer það fram í félagsmiðstöðinni Zelsíuz. Þar koma saman sjöundu bekkingar úr öllum skólum. Þetta hefur gengið vel og fá börnin forsmekkin að því að vera í Zelsíuz sem unglingur.

Það er ánægjulegt að sjá hvað miðdeildarstarfið hefur vaxið og dafnað síðastliðin ár. Heimsóknarföldi jókst til dæmis um 88% milli síðustu skólaára og sýnir það hversu brýn þörfin er fyrir þennan aldurshóp á viðeigandi frístundar úrræðum. Þarna ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi og þörfum hvers og eins er mætt eins og þær koma fyrir.

Kópurinn og Kvöldkópurinn

Kópurinn er frístundaklúbbur fyrir framhaldsskólanema á sérnámsbraut FSu. Kópurinn hóf starfsemi haustið 2019 og hefur notendum fjölgað mikið síðan. Kópurinn vinnur einstaklingsmiðað og sniður öflugt frístundastarf að þörfum notenda. Mikil áhersla er lögð á valdeflingu, t.a.m. með því að auka sjálfstæði og ábyrgð. Unnið er markvisst með áhugamál notenda sem og starfsmanna til að efla starfið enn frekar. Um er að ræða frístundaúrræði eftir skóla sem er opið alla virka daga yfir skólaárið eða frá miðjum ágúst út maí.

Kvöldkópurinn er afsprengi af starfi Selsins sem er félags- og frístundaklúbbur fatlaðra á Suðurlandi og samvinnuverkefni við Kópinn. Kvöldkópurinn er ætlaður þeim sem eru á aldrinum 16-25 ára og er því beintengdur Selnum og Kópnum ásamt ungmennahúsinu Pakkhúsinu og er opinn eitt kvöld í viku. Notendur vinna dagskrá með starfsmönnum og taka þátt í skipulagi. Kvöldkópurinn er einnig brú inn í starfið fyrir nemendur í 10. bekk sem geta byrjað að mæta á vorönn.

Klúbbastarf Kópsins er sniðið að áhugasviði notenda og starfsmanna. Markmiðið er að kynna notendur og starfsmenn fyrir mismunandi áhugamálum og þannig mynda traust, valdefla og virkja notendur í starfinu. Vinsælustu klúbbarnir í Kópnum eru D&D, Pokémon, kvikmyndaklúbbur og bardagaleikjaklúbbur. Kvikmyndaklúbb og bardagaleikjaklúbb er stjórnad af starfsmönnum og eru mjög vel sóttir. D&Dklúbbnum er stjórnad af notanda og eru 5-6 aðrir notendur sem mæta í klúbbinn vikulega og spila saman. Pokémonklúbbnum er einnig stjórnað af notanda en þar mætast notendur úr Kópnum ásamt notendum úr Klettinum og Kotinu og spila saman Pokémon og fræðast um áhugamálið. Þessi vinna skilar sér margfalt í því að notendur finna fyrir meiri ábyrgð, líður betur, valdeflast og styrkjast félagslega í starfinu.

Samræmdir starfshættir frístundaheimila

Haustið 2021 var farið af stað í það verkefni að útbúa starfsmannahandbók fyrir frístundaheimili Árborgar til þess

Kletturinn

Kletturinn hóf starfsemi sína í byrjun október 2021 og er hlutverk hans að bjóða börnum á aldrinum 10 – 16 ára, sem þurfa á fjölþættum stuðningi að halda, upp á skapandi frístundastarf þegar hefðbundnum skóladegi lýkur. Lögð er áhersla á að bjóða börnunum upp á fjölbreytt starf sem hentar hverjum og einum ásamt því að efla og styrkja félagslegan þroska þar sem þeim er mætt af virðingu og hlýju.

En hvernig börn eru það sem sækja Klettinn? Fyrst og fremst eru þetta allt dásamlegir krakkar sem eiga það einna helst sameiginlegt að þurfa að komast í virkni og fá aðstoð við að styrkja félagsleg tengsl. Þetta eru krakkar sem eiga erfitt tilfinningalega og félagslega, eru félagslega einangruð, ásamt því að sum eru með væga þroskahömlun, ADHD, eru á einhverfurófinu og jafnvel börn sem glíma við kvíða svo eitthvað sé nefnt. Strax eftir að Kletturinn hóf göngu sína var ljóst að mikil þörf var á frístundaúrræði sem þessu og fljótlega sáum við fram á að hann myndi vaxa hratt. Í Klettinum fá börn og unglingar tækifæri til að blómstra þar sem þau hafa styrkleika og lögð er áhersla á að auka sjálfsöryggi þeirra. Núna, rúmu ári seinna, höfum við séð þau, sem hafa sótt Klettinn, blómstra, bæði sem einstaklingar og félagslega, og mörg hver komin af stað í aðra virkni utan Klettsins.



Pakkhúsið

Pakkhúsið - ungmennahús er hugsað sem samkomustaður fyrir ungt fólk á aldrinum 16-25 ára. Markmiðið er að bjóða upp á jákvætt félagslegt umhverfi þar sem hægt er að koma saman með jafnöldum. Þar fá einstaklingar tækifæri til að að koma hugmyndum sínum í framkvæmd, vinna að áhugamálum sínum og fást við ýmis konar skemmtileg verkefni. Pakkhúsið býður upp á opið starf, hópastarf og einstaka viðburði. Reynt er af fremsta megni, í samstarfi við félagsþjónustu og aðrar stofnanir, að ná til ungmenna sem þurfa félagslegan stuðning á einhvern hátt, eru í lítilli sem engri virkni eða finna sig ekki annars staðar.

Ungmennahús eru almennt vannýtt auðlind sem okkur ber að nýta vel til úrræða fyrir ungmennin okkar. Samkvæmt lögum eru börn skilgreind sem slík til 18 ára aldurs og ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna kveða skýrt á um að sveitarfélagi beri að halda vel utan um börnin alveg til 18 ára. Ungmennahús getur verið frábært verkfæri í slíkt úrræði. Það getur verið vettvangur þar sem hægt er að grípa þau ungmenni sem flosna upp úr skóla eða jafnvel fara aldrei inn í framhaldsskólana. Það er framtíðarsýn Pakkhússins að grípa þessi ungmenni, styðja þau áfram, finna með þeim hlutverk og tilgang og koma þeim út í samfélagið sem virkir samfélagsþegnar.



Selfosshöllin vígð með pompi og prakt

Selfosshöllin, nýtt fjölnota íþróttahús sveitarfélagsins, fékk formlega vígslu mánudaginn 9. maí 2022. Covid markaði sannarlega uppbyggingartíma hallarinnar og kom meðal annars í veg fyrir að hægt væri að halda opunarhátíð þegar húsið var formlega tekið í notkun haustið 2021. Auk hefðbundins íþróttastarfs hafa eldri borgarar frá fyrsta degi nýtt húsið til gönguferða og þar hittast stundum um 120 manns daglega í þeim tilgangi. Dagforeldrar eiga þarna athvarf með börnin og hafa leikskólar jafnframt nýtt aðstöðuna. Fluguveiðimenn hafa fengið tíma í húsinu til að æfa sín köst og svo má lengi telja. Í dag er flestum orðið ljóst hversu mikla þýðingu góð íþróttastaða og góðar fyrirmyndir hafa fyrir börnin okkar. Það er sagt að það þurfi heilt þorp til að ala upp barn og í dag er orðið viðurkennt að slíkt uppeldi fer meðal annars fram með þróttmiklu íþróttastarfi. Sjá nánar frétt á arborg.is

7. Leikskólar og grunnskólar

Í Sveitarfélaginu Árborg eru sex leikskólar. Á Eyrarbakka og Stokkseyri er leikskólinn Strandheimar sem er með tvær starfsstöðvar, Brimver á Eyrarbakka og Æskukot á Stokkseyri. Á Selfossi eru leikskólarnir Álheimar, Árbær, Goðheimar, Hulduheimar og Jötunheimar. Þá eru fjórir grunnskólar í sveitarfélaginu: Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Stekkjaskóli, Sunnulaekjarskóli og Vallaskóli.




Nýlega voru tveir nýir skólar opnaðir. Leikskólinn Goðheimar hóf starfsemi sína í mars 2021 og Stekkjaskóli hóf starfsemi sína í ágúst 2021. Þegar þetta er ritað er skólinn til húsa í færanlegum kennslustofueiningum en stefnt er að opnun fyrsta áfanga Stekkjaskóla um næstu áramót. Föstudaginn 11. nóvember 2022 var skrifað undir samning um hönnun og byggingu á 2. áfanga Stekkjaskóla og eru áætluð verklok í byrjun ágúst 2024.

Fjöldi barna í Árborg árið 2022

Á undanförunum árum hefur íbúum í Sveitarfélaginu Árborg fjölgað verulega og að sjálfsögðu einnig börnum. Hér gefur að líta Árborg í tölum yfir börnin miðað við 18. október 2022.

Fjöldi barna 0-18 ára 1. janúar 2022	2729
Fjöldi leikskólabarna 18. október 2022	614
Fjöldi grunnskólabarna 18. október 2022	1541
Fjöldi leikskólabarna með fjölmennningarlegan bakgrunn	81
Fjöldi grunnskólabarna með fjölmennningarlegan bakgrunn	201
Fjöldi stöðugilda á fjölskyldusviði	580
Fjöldi starfsmanna á fjölskyldusviði	90

Þróun nemendafjölda í leikskólum Árborgar 2018-2022



Vinnustofa stjórnenda í leik- og grunnskólum

Föstudaginn 25. febrúar 2022 var haldin vinnustofa með stjórnendum í leikskólum og grunnskólum Árborgar í Grænumörk 5 sem bar yfirskriftina Fjölbreyttar leiðir til að valdefla kennara í skóla margbreytileikans. Ingvi Hrannar Ómarsson leiddi vinnustofuna en þar m.a. rætt um markmið menntunar og framtíðarsýn okkar í Árborg. Ingvi Hrannar var ekki með erindi en vísaði í nýlegan 20 mínútna fyrirlestur, sem ber heitið 2046 sem er aðgengilegur á netinu <https://vimeo.com/680424025> Eftirfarandi gildi stóðu upp úr í lok vinnustofunnar gagnvart því sem við viljum að einkenni börnin í Árborg

OKKAR MARKMIÐ ERU AÐ BÖRN Í ÁRBORG SÉU...



Móttökuáætlun fyrir nýliða í leikskólum Árborgar

Móttökuáætlun fyrir nýliða í leikskólum Árborgar var unnin af aðstoðarleikskólastjórum 2021-2022. Meginmarkmið áætlunarinnar er m.a. að stuðla að árangursríkri móttöku starfsfólks í leikskólum sveitarfélagsins, einnig að auka vellíðan starfsfólks við upphaf starfsferils þannig að það verði hluti af sterkum faghópi. Ingunn Helgadóttir og Sólveig Dögg Larsen kynntu áætlunina á 44. fundi fræðslunefndar 18. maí 2022. Á sama fundi staðfesti fræðslunefnd móttökuáætlunina og þakkaði fyrir góða vinnu. Fagnaði jafnframt tilkomu þessarar móttökuáætlunar sem mun auka faglegt starf leikskólanna.

[Móttökuáætlun fyrir nýliða í leikskólum Árborgar.pdf](#)
[Þóra S. Guðmannsd.-Handbók.pdf](#)
[Kynning á nýliðaáætlun leikskóla fyrir fræðslunefnd.pdf](#)

Vinnuhópur um leikskólalag og málþing um leikskólalag

Á 31. fundi fræðslunefndar, 10. mars 2021, var samþykkt að mynda starfshóp um leikskólalag í Sveitarfélaginu Árborg. Minnisblaðið sem var lagt til grundvallar var eftirfarandi:

“Tillaga að stofnun vinnuhóps um leikskólalag í Sveitarfélaginu Árborg. Mikil þróun og breyting hefur orðið á undanföllum árum í starfi og umgjörð leikskólastigsins. Nauðsynlegt er að þau sem málefni leikskólans varðar eigi samtal um öll þau mál þannig að nauðsynlegur sameiginlegur skilningur verði til á málefnum þessa skólastigs. Lagt er til að settur verði á laggirnar vinnuhópur um þróun leikskólamála í Svf. Árborg. Markmið með starfi vinnuhópsins er að koma á markvissu samtali innan skólasamfélagsins um málefni leikskólans, þróun skólastarfsins og mögulegar tillögur að umbótum á starfsemi ef þurfa þykir. Unnið verður erindisbréf fyrir hópinn þar sem verkefni hans verða skilgreind nánar. Lagt er til að vinnuhópurinn skipi 2 fulltrúar leikskólastjóra, tveir fulltrúar leikskólakennara, 2 fulltrúar foreldra og tveir kjörnir fulltrúar. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og leikskólaráðgjafi skólaþjónustu starfa með hópnum. Hópurinn

kalli eftir samstarfi og samtali við aðra eftir því sem þurfa þykir. Vinnuhópurinn skili af sér skýrslu með niðurstöðum hópsins til fræðslunefndar fyrir 1. október nk.”

Í hópinn voru skipaðir eftirfarandi fulltrúar:

- Gunnar E. Sigurbjörnsson, formaður hópsins og fulltrúi fræðslunefndar
- Brynhildur Jónsdóttir, fulltrúi fræðslunefndar
- Krístrún Hafliðadóttir, fulltrúi leikskólastjóra
- Jóhanna Þórhallsdóttir, fulltrúi leikskólastjóra
- Oddný Guðríður Pálmadóttir, fulltrúi leikskólakennara
- Árný Ilse Árnadóttir, fulltrúi leikskólakennara
- Margrét Elísa Gunnarsdóttir, fulltrúi foreldra
- Charlotte Sigríð Á Kósini, fulltrúi foreldra
- Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, fulltrúi fjölskyldusviðs og starfsmaður vinnuhóps
- Þorsteinn Hjartarson, fulltrúi fjölskyldusviðs og starfsmaður vinnuhóps

Á tímabilinu áttu sér breytingar á vinnuhópnum en Harpa Kristín Hlökkversdóttir kom inn í stað Oddnýjar sem fulltrúi leikskólakennara, Anna Sönderström kom inn í hópinn sem fulltrúi foreldra í stað Charlotte fljótlegra eftir að hópinn tók til starfa og Laufey Ósk Magnúsdóttir tók við af Önnu á vormánuðum 2022. Fyrsti fundur vinnuhópsins var 31. maí 2021 þar sem erindisbréf hópsins var lagt fram til samþykktar. Vinnuhópurinn setti sér nokkur markmið til að byrja með sem sneri að endurskoðun reglna um leikskólalag, lokanir leikskóla í sumarfríum og vinnuumhverfi starfsfólks. Auk þess var fljótt stefnt að því að halda stórt málþing um stöðu leikskólans hér í Árborg þar sem saman kæmu allir hagsmunaaðilar sem tengjast málaflöknum utan barnanna sjálfra. Vinnuhópurinn fundaði alls 24 sinnum á 11 mánuðum, auk þess voru nokkrir stuttir fundir eftir þörfum.

Vinnuhópurinn stóð fyrir málþingi 30. mars 2022. Þátttaka var afar góð en á þriðja hundrað manns tóku þátt í umræðum og hlýddu á erindi. Málþingið var einnig sent út í beinu streymi.



Drög að skýrslu frá vinnuhópnum voru kynnt í fræðslunefnd miðvikudaginn 18. maí síðastliðinn, sjá nánar hér. Þá er hluti af málþinginu aðgengilegur á YouTube.

Helstu áherslur í málefnum leikskólanna sem sviðsstjóri kynnti á kynningarfundum 3. nóvember 2022 með bæjarfulltrúum í fjárhagsáætlunarvinnunni fyrir árið 2023

- Mikilvægt að hlúa vel að starfsfólki leikskólanna og bæta starfsumhverfi þeirra
- Raungera einhverjar tillögur frá málþingi 2022, faghópi um leikskólalag og vinnuhópi
- Halda áfram umbóta- og stefnumótunarvinnu í leikskólalagnum
- Margt starfsfólk leikskóla í námi í leikskólakennarafræðum sem hefur í för með sér ákveðinn kostnað en það er jákvætt fyrir leikskólastarfið þegar til lengri tíma er litið
- Halda áfram með að tryggja nægan fjölda leikskóladeilda í takt við íbúafjölgun
- Fjölgun leikskólabarna er mikil frá 2019 eða um 100 börn
- Stefnt að opnun tveggja leikskóladeilda 1. mars og tveggja til viðbótar 1. ágúst í nýlegum kennslustofueiningum Stekkjaskóla sem verða starfseiningar Jötunheima.
- Unnið að þróun nýs úthlutunarlíkans - getur vonandi nýst strax í vor

Ráðstöfun fjármuna í grunnskóla fyrir alla

Skólaþjónusta Árborgar tók virkan þátt í samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og 13 sveitarfélaga. Markmið verkefnisins var að skoða hvernig stuðla mætti markvissar að snemmtækum stuðningi og forvörnum og auka hæfni menntakerfisins til að starfa á grundvelli jafnaðar, skilvirkni og hagkvæmni. Þá var einnig lagt upp með að hefja innleiðingu leiðbeinandi viðmiða Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir um ráðstöfun fjármuna í skólakerfum menntunar fyrir alla. Í þátttökusveitarfélögnum 13 voru um 83% allra grunnskólanemenda á landinu. Skýrsla er aðgengileg á vef stjórnarráðsins, sjá nánar hér.

Ný úthlutunarlíkön fyrir leikskóla og grunnskóla í Árborg

Unnið er að gerð nýrra úthlutunarlíkana fyrir leikskóla og grunnskóla í Árborg á grunni nýrra úthlutunarlíkana sem Reykjavíkurborg hefur þróað. Stefnt er því að taka líkönin í notkun í mars 2023. Þeir sem koma að þessari vinnu eru sérfræðingar á fjölskyldusviði og fjármálasviði sem og

skólastjórnendur í leik- og grunnskólum. Líkönin taka mið af menntastefnu 2030, lögum um leikskóla og grunnskóla, þ.m.t. viðmiðunarstundaskrá grunnskóla. Lögð er áhersla á að allar forsendur séu rekjanlegar og gagnsæjar, jafnræði verði milli skólanna og skólahverfa. Einnig verði tekið tillit til mismunandi lýðfræðilegra þarfa og/eða mismunandi aðstæðna sem og nýlegra farsældarlaga. Þessi nýju líkön eiga að auðvelda stýringu á fjármagni í gegnum fjárhagsáætlanir og markvissari fjármálastjórn skóla.



Heiðursviðurkenningar frá Póllandi

Aneta Figlarska, kennari í Vallaskóla og kennsluráðgjafi hjá skólaþjónustu, Magdalena Markowska, kennari í Vallaskóla, Guðbjartur Ólason, skólastjóri Vallaskóla, og Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Árborgar, fengu heiðursviðurkenningu Medalía, Ríkismenntamálanefndar Póllands, föstudaginn 3. júní 2022. Þeir sem afhentu þessa viðurkenningar voru m.a. Dariusz Piontkowski, ráðuneytisstjóri í Mennta- og vísindaráðuneytinu, Monika Pobozy, skrifstofustjóri alþjóðasamstarfs í Mennta- og vísindaráðuneytinu, og Justyna Kralisz, skrifstofustjóri Miðstöðvar þróunar pólskrar menntunar erlendis (ORPEG).

Með þessum viðurkenningum er pólska ríkið að þakka Vallaskóla og skólafyrirvöldum í Árborg fyrir að sinna vel nemendum af pólskum uppruna og allri þjónustu við þá og forráðamenn þeirra til margra ára. Nemendur í Árborg eiga m.a. kost á því að sækja kennslustundir í pólsku sem þær Aneta og Magdalena hafa yfirumsjón með. Einnig hefur fjölskyldusvið Árborgar m.a. staðið fyrir íslenskunámskeiði fyrir foreldra með fjölmennningarlegan bakgrunn en þar er lögð áhersla að að kenna skólaorðaförða sem auðveldar foreldrum að átta sig betur á íslensku skólakerfi og aðstoða börnin sín við námið.

Myndrænn bæklingur fyrir foreldra leikskólabarna af erlendum uppruna

Fjölmenningarteymi Árborgar gaf út myndrænan bækling sem á eftir að nýstast vel í leikskólum sveitarfélagsins og þá ekki síst foreldrum, af erlendum uppruna. Bæklingurinn er aðgengilegur á Árborgarvefnum:

[Myndrænn bæklingur - Leikskólar Árborgar](#)





Erindi um hagnýtt íslenskunámskeið á Menntavikunni

Aneta Figlarska, kennsluráðgjafi í fjölmenningu, Anna Linda Sigurðardóttir, deildarstjóri fjölmenningardeildar í Vallaskóla og Anna Katarzyna Wozniczka, verkefnastjóri í málefnum flóttamanna hjá Sveitarfélaginu Árborg, stóðu að kynningu þann 7. október 2022 á Menntavikunni, árlegri ráðstefnu í menntavísindum á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Í erindinu var fjallað um rannsókn á ávinningum íslenskunámskeiðs fyrir foreldra barna með fjölmennningarlegan bakgrunn á grunnskólaaldrinum sem haldið var haustið 2021. Um var að ræða þróunarverkefni hjá Fjölskyldusviði Árborgar styrkt af Íslenskujóðnum við Háskóla Íslands. Rannsóknir sýna að tungumálaörðugleikar geta hindrað þátttöku foreldra í námi barna sinna og þeir geta upplifað sig einangraða. Aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir að foreldrar séu virkir þátttakendur í skólasamfélaginu í samvinnu við starfsmenn skóla. Veturinn 2021/22 voru 13% grunnskólanema í Árborg með fjölmennningarlegan bakgrunn.

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða hvort og hvernig námskeiðið eflði notkun foreldra á íslensku máli sem og þekkingu þeirra á íslensku skólakerfi. 12 foreldrar og 11 börn þeirra tóku þátt í námskeiðinu en boðið var upp á málörvun fyrir börn í samstarfi við Rauða krossinn. Kennarinn var tvö kvöld í viku í fimm vikur. Að kennslu stóðu deildarstjóri fjölmenningardeildar, kennsluráðgjafi í fjölmenningu og verkefnastjóri í málefnum flóttamanna hjá sveitarfélaginu. Safnað var skriflegum upplýsingum um íslenskukunnáttu foreldra og viðhorf þeirra til námskeiðsins í upphafi og lok námskeiðsins. Einnig var stuðst við dagbækur og fundargerðir kennaranna. Nemendahöpurinn var fjölbreyttur hvað varðar bakgrunn og þarfir. Niðurstöður bentu til þess að í lok námskeiðsins væru foreldrar betur upplýstir og sjálfstæðari, m.a. í foreldravæðingum, skráningu barna í frístundir og við notkun Mentor kerfisins. Námskeiðið var stutt en þátttakendurnir fengu engu að síður gott rými til tjáningar og spurninga.

Brýn Þörf er fyrir námskeið af þessu tagi en það eykur hlutdeild foreldra í námi barna sinna, styrkir samstarf á milli heimilis og skóla og eflir tengslanet milli foreldra. Fyrirlesarar fengu góðar spurningar að kynningunni lokinni og jafnframt hvatningu til að deila reynslunni af námskeiðinu á viðari vettvangi. Vert er að segja frá því að fjölskyldusvið Árborgar fékk styrk frá Sprotasjóði til að halda námskeiðið aftur og nýtt íslenskunámskeið hófst 19. október sl.

Skóladaur Árborgar 2022

Skóladaur Árborgar var haldinn 30. mars 2022 undir yfirskriftinni Velliðan okkar allra. Það eru tvö ár síðan síðast tókst að halda sambærilegan dag og því einstaklega ánægjulegt

að koma saman á þessum tímabundi. Sunnlækjarskóli hósti viðburðinn sem einkenndist af fagmennsku, fjölbreytni og gleði. Skóladaur Árborgar er hluti af starfsþróunartilboðum sveitarfélagsins til starfsfólks skóla og frístundar. Að þessu sinni var deginum skipt upp í aðalfyrirlestra og vinnustofur. Þarna komu saman tæplega 400 starfsmenn grunnskóla og frístundastarfs í Árborg. Starfsfólk leikskólanna var sama dag á málþingi leikskólanna sem var haldið á Hótel Selfossi.

Eftir setningu Þorsteins Hjartarsonar, sviðsstjóra fjölskyldusviðs, tók Margrét Björk Brynhildardóttir, deildarstjóri skólalþjónustu, við keflinu og stýrði dagskránni. Ásthildur Garðarsdóttir var með fyrsta fyrirlestur dagsins en hann fjallaði um að ná tökum á streitunni. Í kjölfarið voru vinnustofur þar sem hver starfsmaður gat valið á milli tveggja en þetta voru fjölbreyttar vinnustofur þar sem m.a. var fjallað um núvítund, jóga og handleiðslu og kynningu frá stéttarfélagum varðandi réttindi og styrki. Einnig var kynning á fjölbreyttum spilum frá Spilavinum, hópefli og fyrirlestur um unga og gamla stráka í skólastarfi. Þá var í boði að hlusta á fyrirlestur um vegferð að velliðan og velgengni þar sem áhersla var lögð á hvernig öðlast megi aukna hamingju, tilgang, sigra og sát í lífi, leik og starfi.

Að loknum dásamlegum hádegisverði frá Menam fékk starfsfólk kynningu frá Kristínu Björk Jóhannsdóttur, verkefnastjóra farsældarteymis Árborgar, um innleiðingu farsældarlaga. Magnús Guðmundsson stýrði síðan skemmtilegri spurningakeppni áður en Bjartur Guðmundsson sló botninn í vel heppnaðan skóladaur með fyrirlestri um hvernig við getum verið óstöðvandi í topp tilfinningalegu ástandi. Birgir Edwald, fráfarandi skólastjóri Sunnlækjarskóla, sleit vel heppnuðum skóladegi.

Það var samdóma álit þátttakenda að skóladaurinn hafi heppnast vel og verið gott veganesti inn í það krefjandi starf sem starfsfólk grunnskóla og frístundar sinnir.

Stóra upplestrarkeppnin í Árborg 2022

Stóra upplestrarkeppnin í Árborg 2022 var haldin með hátíðlegu yfirbragði í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri fimmtudaginn 24. mars 2022. Stóra upplestrarkeppnin hefur átt fastan sess í íslensku skólastarfi um land allt frá skólaárinu 1996-1997. Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn, eru stofnendur keppinnar og hafa haldið utan um skipulagið öll þessi ár en í tilefni 25 ára afmælis keppinnar í fyrra var ákveðið að „senda barnið að heiman“ og til sveitarfélaganna og skólanna.

Skólarnir í Árborg, Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Sunnlækjarskóli og Vallaskóli tóku höndum saman ásamt skólalþjónustu Árborgar og skipulögðu keppnina í ár. Keppnin hefst á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember ár hvert og lýkur með keppni í mars. Stekkjaskóli mun svo bætast í verkefnið þegar fram líður og 7. bekkur er kominn til kennslu þar. Hver skóli er með innanhúskeppni innan 7. bekkja þar sem þrjú nemendur komast í úrslit og einn til vara. Í lokakeppninni á fimmtudaginn voru því 9 keppendur sem stígu í pontu og stóðu sig allir með mikilli sæmd. Lesnir voru valdir kaflar úr nýjustu bók Bergrúnar Írisar Sævarsdóttur „Kennarinn sem kveikti í“, ljóðskáld keppinnar í ár var Jónas Hallgrímsson og nemendur lásu allir eitt ljóð eftir hann ásamt ljóði að eigin vali. Í dómnefnd sátu Ingibjörg Einarsdóttir frá Röddum sem jafnframt er stofnandi keppinnar, Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri Flóaskóla, og Erna Ingvarsdóttir, kennari við

Grunnskólann í Hveragerði. Það eru margir þættir sem keppendur eru metnir eftir svo sem líkamsstaða, raddstyrkur og framburður svo eitthvað sé nefnt og dómnefndin var ekki öfundsverð í þessu hlutverki. Sigurvegari keppinnar var Elvar Atli Guðmundsson úr Sunnlækjarskóla en í 2. sæti var Bryndís Emla Einarsdóttir úr Vallaskóla og í 3. sæti Jóhanna Naomi Ragnarsdóttir úr Vallaskóla.



Bergrún Íris Sævarsdóttir höfundur bókarinnar „Kennarinn sem kveikti í“ kom og flutti ávarp þar sem hún talaði til nemenda og sagði sögu af sjálfri sér þegar hún tók þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Hún sagði að allir þátttakendur væru sigurvegjar, að allir þátttakendur myndu vinna hvort sem þeir fengu 1. – 3. verðlaun eða ekki því að þátttakendurnir voru allir að vinna að undirbúningi fyrir keppnina og lögðu sig allir fram. Ávarp hennar var einstaklega skemmtilegt og hvetjandi og skipuleggjendur keppinnar eru henni mjög þakklátir.

Tónlistarskóli Árnesinga skipulagði þrjú tónlistaratríði milli dagskrárlíða í keppninni en það voru allt nemendur úr skólunum í Árborg og stóðu þeir sig allir með eindæmum vel. Við sendum Tónlistarskóla Árnesinga miklar þakkir fyrir. Þá er gaman að segja frá því að haldin var hönnunarkerppni þar sem nemendur skólanna þriggja sendu inn hugmynd að merki keppinnar (lógó). Þrjár bestu myndir hvers skóla voru valdar og sendar til dómnefndar sem í sátu Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, og Margrét Björk Brynhildardóttir, deildarstjóri skólalþjónustu. Sigurvegari þeirrar keppni var Sara Míst Sigurðardóttir nemandi í 8. bekk í Sunnlækjarskóla, og skólalþjónusta Árborgar færði henni vegleg verðlaun fyrir.

Ytra mat á leikskólanum Hulduheimum

Matið var gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Sigrúnu Einarsdóttur og fór fram á vettvangi 28.–29. mars og 31. mars –1. apríl 2022. Skýrslan er aðgengileg á vefnum, sjá nánar [hér](#). Í lok skýrslunnar er samantekt matsþátta sem er sett fram á myndrænan hátt og ljóst er að við getum verið afar ánægð með niðurstöðuna.

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

A > 3,6 – 4 = grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fullilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 – 3,5 = ljósgrænt – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 0,6 – 1,5 = rautt – Mikil umbótþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðnandi verklag, upplýfir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

Stjórnum	Uppeldis og menntastarf	Leikskólaþrág	Foreldrasamstarf	Innra mat
Stjórnarmátt, starfskerfi og verkfrægt	Stjórnun náms og námsaðstoðar	Vidvið og menning	Þettaforeldra í leikskólum og upplýsingamiðlum	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun sem faglegir leiðtoga	Uppeldi, menntun og starfsáhrif	Viðhorf og lífan barna	Vidhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikir og nám, lýðræði, jafnvægi og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber þjáning og umbætur
Faglegt samstarf	Námsvið leikskólans	Fagmennska starfsháttar		
Leikskólalærdun og samskipti	Leikskól án aðgrensingar	Starfháttar		
	Mat á námi og velrið barna			

Einkennismerki Jötunheima

Á þessu skólaári hefur leikskólinn Jötunheimar staðið í hönnunar- og hugmyndavinnu á einkennismerki leikskólans. Vikuna 14. – 18. febrúar var kosningavika í leikskólanum þar sem kosið var um einkennismerki Jötunheima. Rafræn spurningakönnun var senda á foreldra og kennara leikskólans og kusu börnin inni á sínum deildum. Alls kusu 240 einstaklingar í kosningunni og hlaut hugmyndin sem vann 76% fylgi. Við hönnun merkisins var haft í huga að það endurspeglaði leikskólasterfið sem fer fram meðal kennara og barna. Mikilvægt fannst okkur að heilsuefandi leikskóli væri sýnilegur og hann Lubbi okkar. Hönnuður einkennismerkis Jötunheima er Árný Ilse Árnadóttir.



Leikskólinn Jötunheimar

Umbótaáætlun vegna úttekta Jötunheima skólaárið 2021-2022

Umbótaáætlunin, sem var send í mennta- og barnamálaráðuneytið og staðfest í fræðslunefnd 29. júní 2022, tekur til eftirfarandi þátta, þ.e. leikskólans og umhverfis hans, stjórnunar, uppeldis- og menntastarfs, foreldrasamstarfs og innra mats. Umbótaáætlunin er aðgengileg á vefnum, sjá nánar hér.

Hreyfingur Jötunheima

Leikskólinn Jötunheimar á Selfossi er heilsueflandi leikskóli. Markmið skólans er að stuðla að bættri heilsu og líðan allra þeirra sem í skólanum starfa, hafa heilsuhvetjandi áhrif á umhverfi sitt og skapa aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífsháttum. Í Jötunheimum var ákveðið að setja upp hreyfingur á útisvæðinu til að auka fjölbreytni og hvetja til aukinnar hreyfingar. Hreyfingurinn samanstendur af nokkrum æfingum sem hægt er að framkvæma á mismunandi stöðum á leikskólalóðinni. Hönnuð voru spjöld sem sýna mismunandi æfingar og þau hengd upp á kofavegginn sýnileg fyrir stóra og smáa. Ásamt hreyfingnum voru ýmsar þrautir málaðar á stéttina sem ýta undir leikgleði og fjölbreytta hreyfingu. Tilvalið er fyrir börn og fullorðna að kíkja á leikskólalóðina eftir lokun og spreyta sig á æfingunum. Nærandi samvera fyrir líkama og sál.



Endurskoðun á skólanámskrá Jötunheima

Í maí sl. var gefin út endurskoðuð skólanámskrá leikskólans Jötunheima og er hún aðgengileg hér <https://jotunheimar.arborg.is/skolastarfid/skolanamsskra/>.

Skólanámskráin var yfirfarin af öllu starfsfólki leikskólans, myndað var teymi innan skólans til að sjá um þá vinnu og fékk foreldraráð Jötunheima skólanámskrána til yfirlestrar og samþykktar áður en hún var gefin út. Í skólanámskránni gefur að líta áherslur okkar í Jötunheimum og er námssviðum leikskólans gerð góð skil með þeim markmiðum og leiðum sem

fléttast inn í leikskólastarfið. Námssvið leikskólans byggja á grunnþáttum menntunar sem eru; læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.

Í skólanámskránni má einnig finna fræðslu um heilsueflandi leikskóla, uppeldi sem virkar sem við byggjum agastefnuna okkar á, upplýsingar um orðræðuna sem við viðhöfum hér í Jötunheimum ásamt ýmsu öðru fróðlegu efni fyrir foreldra.

Nafnasamkeppni - Strandheimar

Í byrjun árs 2022 komu stjórnendur heilsuleikskólans Brimvers/Æskukots með tillögu að nafnasamkeppni um nýtt nafn á leikskólann þar sem óskað var eftir einu nafni á leikskólann í stað tveggja samsettra. Fræðslunefnd samþykkti tillöguna og efndi leikskólinn til nafnasamkeppni í febrúar sama ár. Nafnasamkeppnin var auglýst á heimasíðu leikskólans og heimasíðu sveitarfélagsins og voru íbúar á öllum aldri hvattir til að taka þátt. Frestur til að skila inn tillögum var til og með 15. mars. Alls bárust 28 nafnatillögur frá 38 þátttakendum. Börn, foreldrar og starfsfólk leikskólans fengu tækifæri til þess að kjósa úr tillögum og bar nafnið Strandheimar sigur úr bítum í þeirri kosningu. Fræðslunefnd átti lokaorð um val á nýju nafni og var niðurstaða kosningarinnar tekin til greina við val þeirra. Nafnið Strandheimar var samþykkt á fræðslunefndarfundi 11. apríl.



Þrír einstaklingar komu með tillögu að nafninu Strandheimar, en það voru þau Hulda Guðmundsdóttir, Rúnar Eiríksson og Vigdís Unnur Pálsdóttir. Gripið var til þess ráðs að draga út sigurvegara af þeim þremur sem hlyti stóra vinninginn, en það var gjafabréf að þriggja rétta máltíð fyrir tvo

hjá Rauða húsinu á Eyrarbakka. Allir tillöguhafar fengu blóm sem viðurkenningu. Það var í höndum Gísla H. Halldórssonar, þáverandi bæjarstjóra Árborgar, að draga út vinningshafa og var það Rúnar Eiríksson sem hlaut vinninginn. Nafnið Strandheimar hæfir leikskólanum vel og er táknrænt fyrir þær sakir að þorpinn, Eyrarbakki og Stokkseyri, eru staðsett við strandlengju sem myndar tengingu þeirra á milli. Með því að láta nafnið enda á -heimar er einnig mynduð tenging við fleiri leikskóla sem starfræktir eru í Árborg. Nafnið er hugsað sem sameiningartákn en starfsstöðvar leikskólans munu áfram bera sín fyrri heiti, Brimver á Eyrarbakka og Æskukot á Stokkseyri.

Þróunarverkefni Strandheima 2022-2023

Vorið 2022 leitaði stjórnendateymi Strandheima leiða til þess að efla samstarf milli starfsstöðva leikskólans. Ákveðið var að skipuleggja þróunarverkefni sem myndi hefjast haustið 2022 og hefði það að markmiði að efla tengsl milli nemenda og starfsfólks þvert á starfsstöðvar ásamt því að veita tækifæri til að auka vísýni nemenda gagnvart nærumhverfi þeirra. Verkefnið skildi ná til elstu nemenda leikskólans og kennara þeirra og miða af helstu áhersluþáttum Aðalnámskrár leikskóla og stefnum Heilsueflandi leikskóla og Skóla á grænni grein. Ákveðið var að elstu nemendur starfsstöðvanna myndu hittast einu sinni í mánuði til skiptis á Eyrarbakka og Stokkseyri og verja heilum degi saman í leik og starfi.

Þorpinn, Eyrarbakki og Stokkseyri, bjóða upp á mörg tækifæri þegar kemur að menningu og umhverfi og eru það mikil forrættindi að hér fái nemendur, hvort sem er í leik- eða grunnskóla, að njóta skólalífsins undir góðum verndarvæng lærdómssamfélagsins. Með slík tækifæri í huga var vinnan við skipulag verkefnisins bæði áhugaverð og skemmtileg. Fór af stað rannsóknarvinna til að kanna hvað þorpinn hefðu upp á að bjóða sem gæti nýst þátttakendum til fróðleiks og gagns og urðu listarnir langir. Ítarlegri kynningu á verkefninu má nálgast á heimasíðu leikskólans.



Grænfáninn afhentur Strandheimum í 6. sinn

Skólar sem eru þátttakendur í umhverfismenntaverkefninu Skóli á grænni grein skila inn greinargerð til Landverndar á tveggja ára fresti sem inniheldur lýsingu á því hvernig unnið er að markmiðum í sjálfbærni- og umhverfismálum. Landvernd metur út frá því hvort settum markmiðum hafi verið náð og veitir í framhaldi skólunum viðurkenningu í formi Grænfánans. Skólarnir fá þá leyfi til að flagga fánanum næstu tvö árin og fæst sú viðurkenning endurnýjuð ef skólarnir halda áfram góðu starfi. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða um heim sem tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Leikskólinn Strandheimar fékk Grænfánann afhentan í 6. sinn í júní 2022 og var honum formlega flaggað á vorhátíðum starfsstöðvanna, 16. júní í Æskukoti og 24. júní í Brimveri. Hægt er að fræðast nánar um Grænfánastarf Strandheima á heimasíðu leikskólans.



Útinám í Strandheimum

Í Strandheimum er starfandi verkefnastjóri sem hefur það að markmiði að helstu áhersluþáttum Heilsueflandi leikskóla og Skóla á grænni grein sé framfylgt með markvissum hætti. Partur af því er útinám og hreyfing sem allir nemendur leikskólans eru þátttakendur í og heimsækir verkefnastjórinn hverja deild einu sinni í viku. Starfsfólk leikskólans er einnig duglegt að fara í gönguferðir með nemendahópa sína í nánasta umhverfi leikskólans, þar sem markmiðið er að auka öryggi barnanna fyrir umhverfi sínu og stuðla að geðrækt með því að njóta hreyfingar og útiveru. Hægt er að fræðast nánar um útinám Strandheima á heimasíðu leikskólans.



Framkvæmdir í Strandheimum - Brimver

Haustið 2021 var hafist handa við breytingar og viðbyggingu við Merkistein (eldri deild) í Brimveri. Bíslag sem þjónar hlutverki fataklefa var stækkað og bætt við klósetti sem gott er að nýta þegar börnin eru í útiveru. Klósett barnanna á deildinni var fært til og er nú innangengt í það frá deildinni sjálfri í stað þess að vera staðsett í fataklefa áður. Ennfremur var bætt við klósettaðstöðu fyrir matráð. Mikið rask var á húsnæðinu og ónæði á meðan á framkvæmdum stóð en með jákvæðni að leiðarljósi og lausnarhugsun tókst vel til og var framkvæmdum lokið á vordögum. Strandheimar fengu afnot af tveimur útistofum við BES, Vesturveri og Austurveri, í u.þ.b. tvo mánuði á meðan á fyrirferðarmestu framkvæmdunum stóð og þökkum við kærlega fyrir þá aðstöðu. Börnin undu vel við sitt í Vesturveri í nándinni við fjöruna og starfsfólkið lyfti heljartaki, meðal annars í að sniða starfsemi að breyttu umhverfi, að sækja og skila aðföngum, t.d. leikföngum, mat og leirtau, yfir í Brimver. Mikil ánægja er með bættu aðstöðu í Brimveri.



170 ára afmælishátíð Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

Laugardaginn 22. október 2022 var haldið upp á 170 ára afmæli Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri í tilefni af afmæli hans 25. október. Hátíðin var vel sótt og dagskráin vegleg. Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir, skólastjóri, flutti ávarp og börn frá leikskólanum Strandheimum voru með söngatriði. Edda Óskarsdóttir flutti erindi sem Óskar Magnússon, faðir hennar og fyrrverandi skólastjóri, samdi og eldri kór Barnaskólans tróð upp á undan ávarpi forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar. Þá var Fjóla S. Kristinsdóttir, bæjarstjóri, með ávarp og tónlistaratriði kom frá Tónlistarskóla Árnesinga. Magnús Karel Hannesson sagði reynslusögu úr skólastarfi fyrri tíma og nemendur 5. bekkjar fluttu atriði úr Bláa hnettinum undir leikstjórn Magnúsar J. Magnússonar, fyrrum skólastjóra. Að lokum var boðið upp á veitingar og rölt um skólann. Mikil gleði sveif yfir vötnum Barnaskólans sem ber aldurrinn vel. Vikuna á eftir var svo opið hús í skólanum og ýmsar uppákomur sem gestir og gangandi gátu fylgst með auk þess að skoða skólann. Vakti þetta mikla lukku meðal gesta.

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri horfir vítt og breitt um heiminn með áherslu á heimabyggð

BES hefur síðan 2018 tekið þátt í Erasmus+ verkefnum og er núna Erasmus+ skóli. Fyrsta verkefnið var nemenda- og kennaraheimsóknir milli Þýskalands, Spánar, Krítar og Íslands. Það verkefni fjallaði um menningu og arfleifð, mjög skemmtilegt verkefni sem gaf af sér til nemenda og kennara. Næsta verkefni er í gangi ennþá og byggir á kennarasamstarfi milli Danmerkur, Eistlands, Króatíu og Íslands. Það verkefni fjallar um vatn, vísindi og náttúru. BES fer með verkefnastjórn í því verkefni og höfum við lært ýmislegt af því.

Nú er BES svo orðinn Erasmus+ skóli sem þýðir að starfsfólk getur sótt um námskeið og heimsótt skóla í öðrum löndum, innan þeirra marka sem lagt var upp með við umsóknina. Þetta á eftir að efla skólann á marga vegu. Einnig hefur BES gert mikið af því að taka á móti kennarahópum frá öðrum Erasmus+ skólum og hefur það gefið mikið af sér. En BES lítur sér einnig nær og nú er að klárast verkefni sem styrkt er af Sprotasjóði og heitir "BES lítur sér nær". Þetta verkefni á að styrkja tengsl BES við nærsamfélagið. Búið er að halda íbúafund, starfsmannafund og nemendur hafa heimsótt ýmis konar starfsemi á svæðinu. Tilgangurinn er að þessi tengsl haldi áfram að þróast og verði hluti af menningu skólans.

Síðastliðið vor fékk BES svo styrk frá Sprotasjóði til að þróa hreyfifærniþróf sem gefur góða mynd af hreyfifærni nemenda, en sýnt hefur verið fram á tengsl á milli hreyfifærni og námsárangurs. Verkefnið er byrjað og gefur góðar vonir um að hægt verði að grípa til snemmtækra íhlutunar hvað varðar hreyfifærni hjá nemendum BES og svo verði síðar hægt að færa þetta yfir í aðra skóla Árborgar og jafnvel á landsvísi. Auk þess sem sagt hefur verið frá hér að framan hefur BES verið í samstarfi við Listasafn Árnesinga og fleiri hér um slóðir og gefur það skólanum og nemendum mikilvæg tækifæri til að þróa áframhaldandi samstarf og búa til nýjar hefðir.



Framsækið skólastarf í Stekkjaskóla

Stekkjaskóli tók til starfa í ágúst 2021. Fyrstu mánuðina fór starfsemin fram í fristundaheimili Vallaskóla, Bifröst. Í lok nóvember sama ár flutti skólinn í færanlegar kennslustofur og í byrjun árs 2023 verður flutt í 1. áfanga í framtíðarhúsnæði skólans. Á fyrsta skólaári Stekkjaskóla voru um 102 nemendur í 1.-4. bekk og 28 starfsmenn. Haustið 2022 fjölgaði mikið í skólanum og eru nú 172 nemendur í 1.-5. bekk og 36 starfsmenn. Mikil gróska hefur verið í skólastarfinu og eru starfsmenn m.a. að móta stefnu og áherslur skólans í þróunarverkefni sem fékk styrk úr Sprotasjóði mennta- og barnamálaráðuneytisins.



Stekkur til framtíðar

Þróunarverkefnið fékk nafnið **Stekkur til framtíðar – Að byggja upp lærdómssamfélag í nýjum grunnskóla**. Verkefninu hefur verið stýrt af teymi sem í eru Ingvar Sigurgeirsson verkefnisstjóri, Hilmar Björgvinsson skólastjóri, Ástrós Rún Sigurðarsdóttir aðstoðarskólastjóri og Hildur Bjargmundsdóttir deildarstjóri.

Eftirfarandi leiðir hafa verið farnar við framkvæmd verkefnisins:

1. Innleiðing teymiskennslu, eftirfylgni og mat.
2. Stofnun og starf þróunarteyma
3. Fræðsla
 - a. Gestafyrirlestrar
 - b. Þátttaka í ráðstefnum
 - c. Heimsóknir í skóla
 - d. Jafningjafræðsla
 - e. Vikulegt fréttabréf til starfsmanna
4. Innleiðingar-, mats- og uppgjörsfundir

Teymiskennsla

Allt frá því að Stekkjaskóli var stofnaður var ákveðið að skólinn skyldi leggja teymiskennslu til grundvallar í starfi skólans. Þróunarverkefnið hófst formlega á vinnudegi á Úlfjótuvatni í ágúst 2021 þar sem fjallað var um teymiskennslu (rannsóknir, sóknarfæri og áskoranir) og skólann sem lifandi lærdómssamfélag.

Þróunarteymi

Strax að hausti 2021 voru skipuð fjögur þróunarteymi, blandaðir hópar með þátttöku allra kennara og á ákveðnum starfsdögum hafa allir starfsmenn tekið þátt í verkefninu.

- Skapandi skólastarf – fjölbreyttir kennsluhættir
- Umhverfismál og útikennsla
- Jákvæður skólabragur (uppeldisstefna og velferðarkennsla)
- Tækni og nýsköpun (snilliteymi)

Í hverju teymi eru 4-6 kennarar og skólastjórnendur hafa

einnig tekið þátt í öllum teyminum. Verkefni þeirra hefur verið að leiða þróunarstarf á sínu sviði, fara yfir möguleika, kynna sér þróunarverkefni og setja fram tillögur um það sem sett yrði á oddinn í starfi skólans.

Fræðsla og heimsóknir

Frá upphafi hefur verið skipulögð regluleg fræðsla tengd markmiðum verkefnisins. Verkefnisstjóri hefur fjallað um innleiðingu teymiskennslu, eðli og mikilvægi þróunarverkefna og um fjölbreytt þróunarverkefni í öðrum skólum. Ýmsir gestafyrirlesarar hafa komið til okkar eða hitt okkur á Teams á tímum heimsfaraldurs. Dæmi um fyrirlestra; Teymiskennsla í Lindaskóla, notkun gagnvirkra skjáa og gagnvirk verkefni í Hlíðaskóla, farsæld barna í skólastarfi og hvernig hægt er að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda, innleiðing á uppeldisstefnunni Jákvæður agi og teymiskennsla í Brekkubæjarskóla á Akranesi. Í tengslum við þróunarverkefnið hafa kennarar ásamt skólastjórnendum fjölmennt á nokkrar ráðstefnur. Má þar helst nefna haustráðstefnu Samtaka áhugafólks um skólaþróun sem haldin var í Stapaskóla í Reykjanesbæ 12. ágúst 2022 og Utís online sem haldin var 23.-24. september 2022. Allir starfsmenn skólans heimsóttu Bláskógaskóla á Laugarvatni á starfsdegi í ágúst. Þar fengu starfsmenn kynningu á útinámi og dyggðarkennslu og síðan heimsóttu list- og verkgreinakennarar Húsaskóla í Reykjavík og fræddust m.a. um valnámskeið á miðstigi.

Nokkur verkefni

Á þeim stutta tíma sem Stekkjaskóli hefur verið starfandi hefur ýmsum verkefnum verið hrint í framkvæmd sem falla undir hvert þróunarteymi. Hér verða nefnd nokkur verkefni:

- **Skapandi skólastarf** – Við stofnun skólans lögðu skólastjórnendur upp með að halda á lofti fjölbreyttum kennsluháttum og leggja áherslu á skapandi vinnu, skapandi skil, fjölbreytta list- og verkgreinakennslu svo eitthvað sé nefnt.
- **Útinám** (Umhverfismál og útikennsla) – Íþróttir eru kenndar einu sinni í viku úti allt skólaárið hjá öllum árgöngum. Í vetur hefur einnig heimilisfræði verið kennd úti og í heimastofum

nemenda þar sem engin heimilisfræðistofa er til staðar. Skólinn hefur komið sér upp útiöldunarbúnaði s.s. stóra pönnu sem notuð er yfir eldstæði. Þar hafa m.a. verið bakaðar lummur við mikla hrifningu nemenda, hitað kakó og fleira skemmtilegt. Teymi skólans sjá aukin tækifæri í útináminu og má þar nefna að 1. bekkur fer í útinám vikulega.

- **Jákvæður agi** (Jákvæður skólabragur). Á fyrsta starfsári Stekkjaskóla var leitast við að samræma vinnulag starfsmanna er sneri að skólabragnum, viðbrögðum við agabrotum og vinnuáferðum svo að sýn og gildi skólans um að öllum geti liðið hér vel verði að veruleika. Markmiðið okkar er að nemendur vaxi og dafni í skólasamfélagi sem þeim liður vel í. Við upphaf annars starfsárs skólans, var því ákveðið að taka upp og innleiða Jákvæðan aga í Stekkjaskóla, en það er uppeldis- og samskiptaáferð sem byggir á gagnkvæmri virðingu og samstarfi. Uppeldisstefnan Jákvæður agi byggir á sjálfstjórnarkenningum, sem fela í sér að horft er á orsakir hegðunar fremur en t.d. að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu eins og lengi hefur tíðkast. Jákvæður agi gengur út á að móta umhverfi í skólum, heimilum og vinnustöðum sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu.

Jákvæður agi kennir félagsfærni og lífsleikni

- **Snillismiðjur** (Tækni og nýsköpun). Á fyrsta starfsári skólans voru snillismiðjur hluti af smiðjum í list- og verkgreinum. Á öðru starfsári skólans fengum við til liðs við okkur verkefnisstjóra í UT og vinnur hann ásamt umsjónarkennurum með nemendahóp að ýmsum verkefnum tengd tækni og nýsköpun. Vinnulagið er í þróun en ásamt því að kenna í snillitímum er það hlutverk verkefnisstjóra að stuðla að fjölbreyttum og skapandi kennsluháttum kennara, kenna og styðja við innleiðingu á notkun snjalltækja í kennslustofunni þar sem tæknin ytir undir frábær tækifæri í kennslu.
- **Örvera** (Teach meet). Hálfsmánaðarlega hittast kennarar á fimmtudögum í 30 mínútur þar sem þeir kynna áhugaverð verkefni fyrir hverjir öðrum. Hver kynning er aðeins 7 mínútur og síðan umræður á eftir. Áhersla á skólann okkar, Stekkjaskóla, sem lærdómssamfélag.

Framundan í þróunarverkefninu er að vinna með gildi skólans ásamt nemendum okkar og skólasamfélaginu í heild. Stefnt er að kynna gildin í lok skólaárs. Í vor verður kynning á niðurstöðum verkefnisins og gefin út skýrsla. Þegar þróunarverkefninu okkar lýkur formlega eru áform um að halda þessu gróskumikla þróunarstarfi áfram ásamt því að festa ákv. kennsluhætti í sessi, vinna með gildin okkar og horfa til framtíðar.

Skólaþróun í Vallaskóla

Skólaþróun í Vallaskóla hefur verið blómleg frá árinu 2020 þrátt fyrir takmarkanir og hindranir sem Covid olli. Þeir þrjú þættir sem hafa verið efstir á baugi eru Evrópusamstarf, þróun smiðjunáms og Maker Space nýsköpunarvinna.

Evrópusamstarf í gegnum Erasmus+

Vallaskóli sótti um og fékk styrk til Evrópusamstarfs í Erasmus+ verkefni sem stendur yfir í sjó ár og er með tvíþætta nálgun. Annars vegar tekur Vallaskóli þátt í nemendaskiptum þar sem fulltrúar nemenda frá skólunum munu heimsækja nemendur í samstarfslöndum í Evrópu og vinna með þeim að sameiginlegum



verkefnum er varða menningu og sögu sinna landa. Hins vegar munu starfsmenn skólans sækja sér endurmenntun með skólaheimsóknum og námskeiðum í skólum í Evrópu. Meginmarkmið og áherslur Erasmus+ verkefnisins eru stafrænt nám, samstarf heimila og skóla og teymiskennsla.

Smiðjur á unglingsstigi

Kennarar og nemendur á unglingsstigi Vallaskóla hafa ríð að þróa nýbreytni í skólastarfi síðan árið 2017 sem nefnist Smiðjur. Hugmyndafræðin á bak við smiðjurnar er sú að með smiðjunámi taki nemendur meiri ábyrgð á sínu námi þar sem þeim gefst kostur á að vinna að hæfnipáttum með fjölbreyttum hætti. Þar eru námsgreinar kenndar í vinnulotum sem geta staðið í 2-4 vikur í senn og eru námsloturnar yfirleitt þvert á faggreinar. Með þessari nálgun á námi og kennslu hefur nemandinn einnig möguleika á fjölbreyttari efnistöku og verkefnaskilum. Til stendur að klára innleiðingarferlið á yfirstandandi skólaári og fullgera smiðjustarfið í skólanámskrá skólans.

Maker Space nýsköpunarvinna

Í upphafi skólaárs 2022-2023 hófst skólaþróunarvinna í Vallaskóla þar sem unnið er með hugmyndafræði Maker Space eða Meikarasmíðju. Slíkar smiðjur eru nýsköpunarhugmynd sem hverfist um að efla nýsköpunarstarf í skólunum þar sem fyrir er smiðjukennsla á unglingsstigi undir formerkjum „verkefnamiðaðs náms“ (e. project based learning) og þróttmikil en hefðbundin kennsla í list- og verkgreinum. Hugmyndin var fyrst kölluð „Nýsköpunarsmiðjur Vallaskóla (NSV)“ en fékk síðar nafnið Meikarasmíðja þar sem markmiðið er að auka verkhyggju í námi og kennslu með þverfaglegum hætti en einnig til að finna farveg til að þroska og efla möguleikahugsunina. Markmiðið með starfinu er t.a.m. að:

1. efla frumkvæði og sköpunargáfu barna
2. kenna börnum að vinna með hugmyndir frá þörf til afurðar
3. kenna aðferðir uppfinningamanna við úrvinnslu hugmynda
4. þjálfa færni og auka kunnáttu sem tengist uppfinningum og hönnun eins og teiknaaferðir, líkanagerð, frumgerðasmíð, þarfagreiningu og mat á hugmyndum
5. efla siðvit og fegurðarskyn barna
6. gera nýsköpun hluta af almennri menntun

Meikarasmíðjan er líka kennslu- og uppeldisfræðilegt fyrirbæri, miðstöð eflandi kennslufræði. Með hjálp Meikarasmíðjunnar er ætlunin að innleiða almennilega einn af grunnþáttum menntunar –Sköpun – til viðbótar við það sköpunarstarf sem nú þegar er unnið í list- og verkgreinakenndu skólans.

8. Skólaþjónusta

Stöðuskýrsla skólaþjónustu, kynnt í fræðslunefnd haustið 2022

Höfundur: Margrét Björk Brynhildardóttir, deildarstjóri

Við gerð þessarar stöðuskýrslu var horft til reglugerðar um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla nr. 444 frá 2019 og niðurstöður rannsókna frá Háskólanum á Akureyri á skólaþjónustum sveitarfélaga. Einnig voru lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna höfð til hliðsjónar sem og ýmsar tölulegar upplýsingar um starfsemi skólaþjónustu Árborgar skólaárið 2021-2022. Við gerð nýrrar menntastefnu fyrir sveitarfélagið á haustmánuðum er mikilvægt að huga vel að skólaþjónustunni, hlutverki hennar og framtíðarsýn.

Hlutverk skólaþjónustu

Í reglugerð um skólaþjónustu nr. 444 frá 2019 er hlutverk skólaþjónustu mjög skýrt. Þar kemur m.a. fram að leggja eigi áherslu á forvarnastarf, snemmtækt mat á stöðu nemenda og ráðgjöf vegna námsvanda, félagslegs og sálræns vanda þar sem tekið er mið af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda, óháð starfsstéttum sérfræðinga og hver veitir þjónustuna. Einnig á skólaþjónusta að styðja á fjölbreyttan hátt við starfsemi og starfshætti leik- og grunnskóla og starfsfólks þeirra auk þess að veita foreldrum stuðning með ráðgjöf og fræðslu. Skólaþjónusta á að tryggja víðeigandi tálkaþjónustu og viðhalda góðum tengslum leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla með samféllu og heildarsýn í skólastarfi að leiðarljósi. Með nýjum lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna er lögð enn meiri áhersla á mikilvægi snemmtæks stuðnings við börn og barnafjölskyldur og möguleika ólíkra þjónustukerfa til samráðs til að tryggja farsæld barna. Skipulag skólaþjónustu og helstu áherslur byggja m.a. á góðu samráði við notendur þjónustunnar, skólastjórnenndur, aðrar deildir fjölskyldusviðs, bæjar- og fræðslufirvöld í Árborg sem og við samstarfsstofnanir hjá ríkinu sem koma að málefnum barna.

Starfsfólk skólaþjónustu Árborgar

Við skólaþjónustu Árborgar (deild 04-020) skólaárið 2021-2022 störfuðu 13 starfsmenn í 9,6 stöðugildum sem skiptast svona:

- Margrét Björk Brynhildardóttir, deildarstjóri - 1 stöðugildi
- Aneta Figlarska, kennsluráðgjafi í fjölmenningu - 0,9 stöðugildi
- Álfheiður Tryggvadóttir, kennsluráðgjafi - 1 stöðugildi (afleysing fyrir Hrunn)
- Berglind Jónsdóttir, talmeinafræðingur - 0,6 stöðugildi
- Guðný I. Rúnarsdóttir, leikskólaráðgjafi - 1 stöðugildi
- Guðrún Hafdis Hlöðversdóttir, ritari – 0,5 stöðugildi

- Halla Marinósdóttir, talmeinafræðingur - 0,4 stöðugildi
- Hrunn Harðardóttir, kennsluráðgjafi - (í námsleyfi 21-22)
- Kristín Björk Jóhannsdóttir, ráðgjafi og verkefnastjóri farsældarteymis - 1 stöðugildi
- Lucinda Árnadóttir, yfirsálfræðingur - 0,9 stöðugildi (fór í 1 stöðugildi 1.5.22)
- Ólöf Gunnarsdóttir, talmeinafræðingur - 0,8 stöðugildi (fór í fæðingarorlof 15.3.22)
- Tinna Rut Torfadóttir, sálfræðingur - 0,8 stöðugildi
- Yrsa Hauksdóttir, sálfræðingur - 0,7 stöðugildi

Þessi hópur sinnir öllum leik- og grunnskólum Árborgar, 4 grunnskólum á 5 starfsstöðvum og 6 leikskólum á 7 starfsstöðvum. Skólaárið 2021-2022 stönduðu 1566 nemendur nám í grunnskólum sveitarfélagsins og 633 börn í leikskólum. Alls stönduðu 2199 börn nám við leik- og grunnskóla Árborgar. Starfsmenn leik- og grunnskóla voru 723 talsins í 286,3 stöðugildum. Þá má nefna að tvö stöðugildi eru hluti af deild 04-020 sem þjóna öllu fjölskyldusviði, þ.e. stöðugildi fjármálasérfræðings og sviðsstjóra.

Þjónustubeiðnir til skólaþjónustu - lykiltölur

Árið 2021 var tekið í notkun nýtt verkbeiðnakerfi sem hefur verið í þróun hjá skólaþjónustunni allt sl. skólaár. Enn er verið að sníða vankanta af kerfinu sem komu í ljós þegar farið var að nota það en það stendur allt til bóta.

Frá 1. júní 2021 til 31. maí 2022 eru skráðar 1570 beiðnir um þjónustu hjá skólaþjónustunni. Af þeim eru 1137 beiðnir frá grunnskóla og 432 frá leikskóla. Þess ber að geta að hvert barn getur átt fleiri en eina beiðni og er það yfirleitt vegna gruns um fjölþættan vanda þar sem margir sérfræðingar koma að máli eða að mál byrji sem ráðgjafarbeiðni eða skimun og endar sem greining. Sumar beiðnir snúa ekki að einstaka nemanda heldur ráðgjöf til starfsfólks skóla, kennara, kennarateyma og stjórnenda. Hér er því um talningu á beiðnum að ræða en ekki einstaklingum.

Þjónustubeiðnir til skólaþjónustu skiptast með þessu hætti:

618 beiðnir um sálfræðiþjónustu
451 beiðni um talmeinaþjónustu
318 beiðnir um kennsluráðgjöf
102 beiðnir um leikskólaráðgjöf
42 beiðnir um iðjuþjálfun, en skólaþjónusta er í samstarfi við HSu sem tekur við þeim beiðnum.

Með nýjum lögum um samþættingu þjónustu hafa beiðnir um slíka þjónustu bæst við það sem áður var. Á fyrstu mánuðum laganna hefur 46 beiðnum verið vísað á kennsluráðgjafa og verkefnastjóra farsældar. Gert er ráð

Vörðum leiðina fékk 5 milljóna króna styrk úr Sprotasjóði en markmið verkefnisins er að móta vegvísi fyrir kennara um það hvernig best sé að vinna með niðurstöður úr Stöðumatinu við gerð kennsluáætlaana og við skipulag ÍSAT kennslu og annars námslegs stuðnings við nemendur af erlendum uppruna. Einnig verður unnið að leiðbeinandi grunni að kennsluáætlunum í öðrum námsgreinum fyrir yngsta stig, miðstíg og unglingastig/framhaldsskóla og áhersla lögð á markvissa orðaforðakennslu. Unnið verður að gerð orðaforðanámsskráa sem taka annars vegar mið af aldri nemenda og hins vegar hæfni í íslensku skv. nýjum ÍSAT hæfnirömmum í aðalnámsskrá grunnskóla. Í Sveitarfélaginu Árborg taka Sunnulækjarskóli, Vallaskóli og Fjölbautaskóli Suðurlands þátt í verkefninu. Stýrihópur Stöðumatsins skipuleggur fagfundi sem fara fram á haustönn 2022. Fulltrúar Sveitarfélagsins Árborgar í stýrihópnum eru þau Aneta Figlarska, kennsluráðgjafi í fjölmenningu, Hrund Harðardóttir, kennsluráðgjafi, og Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Öflug ráðgjöf er í boði fyrir starfsfólk leikskóla, grunnskóla og foreldra sem og hagnýtt íslenskunámskeið fyrir foreldra barna með fjölmenningarlegan bakgrunn. Nýlega var samþykkt í Sprotasjóði að veita kr. 1.400.000 í verkefnið Eflum tengsl heimila og skóla. Markmið þessa þróunarverkefnis er að bjóða grunnskólanemum með fjölmenningarlegan bakgrunn í Sveitarfélaginu Árborg og foreldrum þeirra á íslenskunámskeið þar sem helstu hugtök verða kynnt og unnið að eflingu skólaorðaforða. Fjölskyldusvið Árborgar, grunnskólar sveitarfélagsins og Fjölbautaskóli Suðurlands munu taka þátt í verkefninu. Í haust verða haldnir undirbúningsfundir með samstarfsaðilum vegna skipulagningar á námskeiðinu og þar verður einnig unnið að gerð náms- og kennsluefnis. Sjálft námskeiðið verður haldið á haustönn 2022. Áætlaðir kennslustundafjöldi er 15 tímar, 90 mín. í senn, einu sinni í viku á kvöldin. Verkefnið verður kynnt á ráðstefnum, fræðslufundum og í fjölmiðlum.

Fjölskyldusvið stóð fyrir könnun um frístundir barna með fjölmenningarlegan bakgrunn og má vænta skýrslu með helstu niðurstöðum könnunarinnar á haustdögum. Þess má geta að skólaþjónusta hefur látið þýða ýmis eyðublöð og þjónustubeiðnir yfir á pólsku og ensku til að mæta miklum fjölda íbúa með fjölmenningarlegan bakgrunn í sveitarfélaginu. Unnið verður að því á haustönn að koma eyðublöðum og beiðnum á rafrænt form til að auka enn frekar aðgengi íbúa.

Stuðningur við skólastarf og starfsþróun

Eins og fram hefur komið á skólaþjónustan að sinna mikilvægu ráðgjafar- og stuðningshlutverki gagnvart skólum sveitarfélagsins. Sá stuðningur á að fela í sér ráðgjöf vegna kennslu og umönnunar nemenda og ráðgjöf vegna náms nemenda með sérþarfir, starfshátta skóla, nýbreytni- og þróunarstarfs og starfsumhverfis. Einnig á skólaþjónusta að styðja við forvarnastarf í leik- og grunnskólum veita foreldrum ráðgjöf og stuðning og fylgja eftir greiningum. Á undanförunum árum hefur verið unnið að ýmsum umbóta- og starfsþróunarverkefnum, efnit hefur verið til námskeiða og ráðstefna, svo sem skóladags Árborgar og málþings um leikskólamáل. Þá eru reglulegir samráðsfundir skólastjórnenda og stjórnenda skólaþjónustu og stofnaðir hafa verið ýmsir faghópar og samstarfsteymi þvert á skóla og skólaþjónustu. Allt hefur þetta stuðlað að auknu faglegu samstarfi milli leikskóla, grunnskóla og skólaþjónustu og eft skólana í Árborg sem

faglegar stofnanir. Einnig hefur verið gott faglegt samstarf við FSu, m.a. um nám og kennslu barna og ungmenna af erlendum uppruna og innleiðingu á stöðumati.

Starfsmenn skólaþjónustu sitja í fjölmörgum teyimum sem vinna að málefnum barna og fjölskyldna þeirra. Má hér nefna ráðgjafateymi leikskólanna, lausnateymi og nemendaverndarráð grunnskólanna, farsældarteymi, fjölmenningarteymi, teymi um skólaforðum barna, forvarnateymi og samráðsteymi með félagsþjónustu, HSu og BUGL. Einnig sitja starfsmenn vikulega móttökuteymisfundi þar sem nýjar beiðnir eru teknar fyrir, þær ræddar og þeim úthlutað á viðkomandi starfsmenn.

Skóladagur Árborgar 2022 var haldinn í lok mars þar sem áhersla var á starfsþróun starfsmanna grunnskóla og frístundastarfs. Leikskólastarfsmenn voru að þessu sinni á sama tíma á málþingi um málefni leikskólanna en um var að ræða málþing fyrir starfsfólk leikskólanna og aðra áhugasama um leikskólamáل í sveitarfélaginu. Á skóladeginum var m.a. fjallað um liðan í starfi og leiðir til að ná betur utan um sjálfan sig eftir Covid ástand síðustu ára. Starfsmenn skólaþjónustu sátu í undirbúningshópi skóladagsins og tóku þátt í framkvæmd dagsins. Einnig tóku starfsmenn þátt í undirbúningi og framkvæmd málþings leikskólanna. Á skóladeginum og málþingi leikskólanna var kynning á vegum farsældarteymis fjölskyldusviðs á innleiðingu farsældarlaganna og því verklagi sem verið er að móta í Árborg.

Skólaþjónustu ber að taka virkan þátt í að styrkja starfsþróun starfsmanna skólanna og hefur m.a. sótt um nokkra styrki til Endurmenntunarsjóðs grunnskóla og yfirleitt fengið góða styrki í þennan málaflokk. Eitt af verkefnum er að skipuleggja þessi námskeið og halda utan um framkvæmd þeirra. Einnig hafa komið góðir styrkir úr Sprotasjóði í mikilvæg skólaþróunarverkefni og eru sum þeirra unnin í samstarfi við fleiri sveitarfélög. Á undanförunum árum hefur skólaþjónustan og skólar sveitarfélagsins nýtt sér Erasmus+ styrki til starfsþróunar og náms- og kynnisferða erlendis. Stefnt er að enn frekari Erasmus+ verkefnum. Þá má nefna að starfsfólk fjölskyldusviðs er að fara í náms- og kynnisferð til Danmerkur í september nk. meðal annars til að kynna sér Herning módelið, fjölbreytt úrræði fyrir börn, frístundastarf og fleira.

Hvert viljum við stefna?

Samkvæmt nýlegri [rannsókn um skólaþjónustu](#) sveitarfélaga kemur fram að almennt séu skólaþjónustur hér á landi ekki að forgangsraða í þágu þess að efla skóla sem faglegar stofnanir. Skólaþjónustur virðist almennt skorta skýra stefnu og meiri sýnileika. Fram kemur að áherslur skólaþjónustu hafi til þessa beinst að þjónustu við einstaka nemendur og foreldra þeirra, einkum sálfræðiþjónustu. Í niðurstöðum rannsóknarinnar er lögð mikil áhersla á að til að skólaþjónustur nái að uppfylla reglugerðarákvæði þurfi að gera ákveðnar breytingar á þjónustu þeirra.

Í Árborg hefur áhersla á lærdómssamfélagið verið mikil undanfarin ár og samstarf milli skóla og skólaþjónustu til fyrirmyndar. Samþætting þjónustu hófst þegar árið 2019 þegar fjölskyldusvið var stofnað svo nú þegar er komin hefð fyrir miklu og góðu samstarfi. Fjölskyldusvið hefur staðið fyrir fjölmörgum skólaþróunarverkefnum þvert á skóla og skólaþjónustu eins og fram hefur komið. Deildir sviðins eiga í góðu samstarfi um málefni barna og fjölskyldna sem hefur


t.d. gert það að verkum að innleiðing farsældarlaganna hefur gengið vonum framar í Árborg og orðið til þess að Árborg er eitt af 5 frumkvöðlasveitarfélögum á landinu um innleiðingu laganna. Það má án efa alltaf gera betur og er það markmið okkar hjá skólaþjónustu Árborgar að ígrunda okkar þjónustu og gera úrbætur þar sem þess gerist þörf.

Það er von okkar að skólaþjónusta Árborgar verði áfram ein sú öflugasta á landsvísu með flottum hópi sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum sem geta látið til sín taka bæði í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra en ekki síst í að efla skólana sem faglegar stofnanir eins og reglugerð um skólaþjónustu gerir ráð fyrir. Það er viðvarandi verkefni að bæta náms- og starfsumhverfi skólanna í Árborg með áherslu á öfluga skólaþróun og skýra framtíðarsýn.

Skólaþjónusta - heildarfjöldi verkefna

Lykiltölur og þessar upplýsingar sem voru unnar í tengslum við fjárhagsáætlunargerðina fyrir árið 2023.

Þjónustubeiðnir til skólaþjónustu fela í sér ráðgjöf, skimanir, greiningar og þjálfun frá sérfræð-ingum skólaþjónustu. Nokkur verkefni geta legið á bak við einn einstakling og timalengd verkefna er mjög misjöfn. Það er mat sérfræðinga skólaþjónustu að þyngri málum hafi fjölgað undanfarin ár og sérstaklega virðast afleiðingar Covid vera að koma fram. Mikil þörf er fyrir aðkomu sérfræðinga skólaþjónustu, bæði að einstaklings- og hóp málum í öllum skólum.



Fræðsluefni frá talmeinafræðingum

Haustið 2021 fór af stað samstarfsverkefni á vegum talmeinafræðinga hjá skólaþjónustu Árborgar, skólaþjónustu Árnesþings og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Markmið verkefnisins var að útbúa aðgengilegt fræðsluefni fyrir faglært og ófaglært starfsfólk leikskóla í formi hnitmiðaðra myndbandsfyrirlestra um helstu þætti sem tengjast tali og máli leikskólabarna. Þessir þættir eru: framburður, málörvun, raddheilsa, fjöl- og tvítyngi, hljóðkerfisvitund og stam. Afrakstur verkefnisins eru fyrirlestrar með rafrænu sniði sem eru aðgengilegir öllu leikskólastarfsfólki Árborgar hvar og hvenær sem er. Við notkun þessa fræðsluefnis fær hver starfsmaður beinan aðgang að fræðslu sem er kynnt á afmarkaðan og hnitmiðaðan hátt af talmeinafræðingi um hvað er dæmigert og hvað er ódæmigert þegar kemur að tali og máli leikskólabarna. Fræðsluefnið stuðlar þar af leiðandi að endurmenntun, valdeflingu og nýliðafræðslu í starfi leikskólanna.

Vörðum leiðina

Skólaþjónustur Árborgar, Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar hafa átt í faglegu samstarfi í nokkur ár vegna gerðar og þýðingar á Stöðumati fyrir nemendur af erlendum uppruna í grunnskólum og framhaldsskólum. Stöðumatið er komið í fulla virkni og gefur skýra mynd af stöðu nemenda í móturmáli/öðrum málum, læsi, talnaskilningi og stærðfræði og þeim styrkleikum og væntingum sem nemendur búa yfir. Samstarfaðilar fá nú 5 milljóna kr. styrk úr Sprotasjóði vegna verkefnisins Vörðum leiðina en um er að ræða vinnu sem snýr að leiðbeinandi grunni að kennsluáætlunum í ÍSAT (íslenska sem annað tungumál) og öðrum námsgreinum sem byggir á niðurstöðum Stöðumats sem leggur áherslu á að fyrri þekking og reynsla nemenda nýtist í áframhaldandi námi. Þessi vinna mun nýtast kennurum á yngsta stigi grunnskóla, miðstigi og unglingastigi og í framhaldsskóla með áherslu á markvissa orðaforðakennslu í orðaforðaþrepunum þremur (grunnorðaforða, millilagsorðaforða, sértækum orðaforða námsgreina).

Verkefnið er unnið í anda lærdómssamfélagsins þar sem nemendur, kennarar, skólastjórnendur, ráðgjafar skólaþjónustu og aðrir sérfræðingar vinna saman að því að byggja upp markvissa kennslu og stuðning með áherslu á orðaforða. Aneta Figlarska og Hrund Harðardóttir eru með stórt hlutverk innan Árborgar í þessu verkefni en þær halda m.a. utan um samstarf með tengiliðum skóla sveitarfélagsins og með öðru fagfólki og sérfræðingum, svo sem talmeinafræðingum, sérfræðingum í kennslufræðum og fjölmenningarfræðum. Þorsteinn Hjartarson hefur tekið virkan þátt í stýrihópi sveitarfélaganna þriggja ásamt Anetu og Hrund en hann lætur af störfum sem sviðsstjóri 31. desember nk. og þá um leið sem einn af þremur fulltrúum Árborgar í stýrihópnum.

9. Velferðarþjónusta

Félagsþjónusta verður velferðarþjónusta

Bæjarráð Árborgar samþykkti á 15. fundi sínum, þriðjudaginn 25. október 2022, að breyta nafni félagsþjónustu í velferðarþjónustu Árborgar. Undir velferðarþjónustu heyrir fullorðinsteymi velferðarþjónustu, barnateymi velferðarþjónustu, barnavernd, Auðlindin virknilausn, félagsleg stuðningsþjónusta, þrjár búsetueiningar, tvær dagdvalir, skammtímadvöl fyrir fatlaða og VISS, vinnu- og hæfingarstöð. Þegar þetta er ritað er verið að vinna að uppfærslu á vef Árborgar.

Móttökusveitarfélag í málefnum flóttafólks
Staða á samræmdri móttöku flóttafólks. Sveitarfélagið Árborg er eitt af fimm sveitarfélögum á Íslandi, auk Akureyrarbæjar, Hafnarfjarðarbæjar, Reykjanesbæjar og Reykjavíkurborgar, sem gerði vorið 2021 samning við félagsmálaráðuneytið um tilraunaverkefni til eins árs og er því þátttakandi í samræmdri móttöku flóttafólks sem rekin er af ríkinu. Þannig hafa 18 þátttakendur í verkefninu flust til sveitarfélagsins Árborgar á árinu 2021 og 36 það sem af er árinu 2022 en þrír þeirra hafa farið aftur út.

Upprunaland	Fjöldi	Þar af fjöldi barna
Afganistan	12	7
Íran	3	2
Sýrland	13	7
Úkraína	19*	6**
Venesúela	7	4
Samtals	54 (57)	26 (28)

* samtals 22 en 3 fluttu út

** samtals 8 en 2 fluttu út

Velferðarþjónusta sveitarfélagsins sér um að tryggja samfellda og fjölbreytta þjónustu við flóttafolk. Málstjóri er tengiliður milli allra þjónustuaðila og samhæfingaraðili þjónustunnar sem felst í auknum stuðningi og ráðgjöf. Deildarstjóri félagsþjónustu er með umsjón með verkefninu og málstjóra innan handar, m.a. á fundum, við ákvarðanatöku og í gegnum handleiðslu. Fleiri starfsmenn sveitarfélagsins koma að verkefninu, þ.e. teymisstjóri ráðgjafateymis og félagsráðgjafar, fjármáladeild, áhaldahús, ritari, rekstrarfulltrúi, o.fl. Einnig koma fulltrúar barnaverndar að einhverjum málum. Sveitarfélagið hefur hingað til útvegað sex íbúðir til leigu og í flestum tilfellum einnig grunnhúsbúnað. Málstjórinn sér um að skrá börn í skóla og frístundir, tengja einstaklinga við heilbrigðisstofnanir og fylgja þeim eftir í einstaklingsmálum. Enn fremur sér málstjórinn um aðstoða þá við gerð umsókna, opnun bankareikninga og skráningar í helstu kerfi. Þjónustan felur einnig í sér gerð einstaklingsáætlana og tilvísana til VMST og eftirfylgni. Haldnir eru reglulegir

undirbúnings- og stöðufundir með samstarfsaðilum á svæðinu og Fjölmeningarsetri. VMST á Suðurlandi tekur viðtöl við flóttafolk vegna atvinnuleitar og skipuleggur íslenskukennslu og samfélagsfræðslu fyrir flóttafolk í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands. Níu fullorðnir einstaklingar eru nú byrjaðir að vinna, einn er kominn á ellilífeyri og einn er að sækja um endurhæfingu. Rauði krossinn parar flóttafolk við sjálfbodaliða sem veita í sex mánuði sálrænan stuðning og aðstoð við að leysa úr hagnýtum málum. Þörun á sér oft ekki stað fyrr en tveimur eða fleiri mánuðum eftir komuna flóttafólks til sveitarfélagsins sem leiðir til þess að málstjóri sinnir þessu verkefni í auknum mæli og er sú vinna mjög mikilvæg fyrstu vikurnar til þess að auka líkur á farsælli aðlögun. Vert er að benda á að þetta er töluverð vinna fyrir málstjóra sem ekki er gert ráð fyrir í samningum.

Sjö börn byrjuðu samtals í leik- og grunnskólum Árborgar sl. haust og 13 börn hófu skólagöngu á núverandi skólaári. Tveir einstaklingar hófu nám í Fjölbrautaskóla Suðurlands á liðnu skólaári og þrír í haust 2022. Ýmsar áskoranir hafa komið upp, eins og við skráningu í framhaldsskóla en skólinn er ekki með námstilboð fyrir nemendur sem eru ólæsir og óskrifandi. Flóttabörnin sem fluttu í Sveitarfélagið Árborg sl. ár voru öll með skerta skólagöngu. Samningurinn um móttöku frá 2021 tiltók með engum hætti þá þörf sem flóttabörn hafa fyrir markvissa og farsæla móttöku og stuðning fyrstu misserin í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi. Ekkert fjármagn fylgdi frá ríkinu til sveitarfélagsins vegna skólamála. Þær áskoranir sem við finnum fyrir í Sveitarfélaginu Árborg er m.a. það hversu vel undirbúnir starfsmenn skóla og frístunda séu til að taka á móti fjölbreyttum nemendahópum og fjölskyldum þeirra. Einnig, hvernig hægt er að efla upplýsingaflæði sem krefst mikilla samvinnu. Sótt var því um styrk frá Þróunarsjóði vegna fræðslu til starfsfólks grunnskóla og frístunda í Sveitarfélaginu Árborg. Fræðsla fór fram í tveimur grunnskólum og fyrir starfsfólk frístundar vorið 2022. Fræðslan nýttist vel og hafa nú þegar fleiri grunn- og leikskólar óskað eftir samskonar fræðslu. Sótt var einnig um styrk vegna tómstunda- og menntaúrræða barna á flotta sem hlotið hafa dvalarleyfi á grundvelli alþjóðlegrar verndar eða grundvelli mannúðarsjónarmiða eftir 3. mars 2022. Sveitarfélagið Árborg fékk styrk fyrir fjögur börn.

Starfsdagar fyrir starfsmenn sem vinna í samræmdri móttöku flóttafólks

Þann 24.-25. mars 2022 voru starfsdagar haldnir í Reykjavík fyrir starfsmenn sem vinna í samræmdri móttöku flóttafólks. Tilgangurinn var m.a. að safna hugmyndum í verkfærakistu: Innlegg frá sveitarfélögunum um gagnlega nálgun eða úrræði. Fulltrúar frá Sveitarfélaginu Árborg, Anna Katarzyna Wozniczka og Heiða Ösp Kristjánsdóttir, héldu kynningu um samræmda móttöku í Árborg með áherslu á þverfaglegt

samstarf innan sveitarfélagsins. Fjölbreytt erindi voru í boði, meðal annars innlegg frá Fjölmeningarsetri í umsjón Melanie Powell, sérfræðings í geðheilbrigði og áfallamiðaðri aðstoð hjá Rauða Krossinum. Erindi bar yfirskriftina „Working with people with mental health conditions“. Þá var Anna Sigurðardóttir, sálfræðingur, með erindið „Ég set súrefnisgrímuna fyrst á mig”

Heimsókn samþættingarfulltrúa Flóttamannastofnunar (UNHCR)

Þann 20. september síðastliðinn fékk fjölskyldusvið Árborgar heimsókn frá tveimur fulltrúum Flóttamannastofnunar (UNHCR). Þetta voru þær Jessica Motto og Karolis Žibas sem starfa sem samþættingarfulltrúar (Integration Officers) hjá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna fyrir Norðurlönd og Eystrasaltslönd. Þær komu til Íslands til að skoða aðferðir og verklagsreglur vegna móttöku og aðlögunar flóttafólks. Þær skipulögðu fundi með ýmsum stofnunum, samtökum og yfirvöldum sem vinna sérstaklega með móttöku og aðlögun flóttafólks.

Anna Katarzyna (Ania) Wozniczka, verkefnastjóri í málefnum flóttamanna hjá Sveitarfélaginu Árborg tók á móti gestum. Anna Linda Sigurðardóttir, deildarstjóri fjölmeningardeildar í Vallaskóla sem og Bohdana Vasyliuk og Fadwa Mohammad Kadre Al Soufi, móðurmálskenningar í Vallaskóla, þáðu einnig boð á fundinn. Sonur Fadwa, Ander Ahmadsson, var í hlutverki túlks.

Rætt var um núverandi móttökuverkefni flóttafólks í Sveitarfélaginu Árborg en sveitarfélagið er eitt af fimm sveitarfélögum á Íslandi, auk Akureyrarbæjar, Hafnarfjarðarbæjar, Reykjanesbæjar og Reykjavíkurborgar, sem gerði samning við félagsmálaráðuneytið vorið 2021 um tilraunarverkefni til eins árs og er því þátttakandi í samræmdri móttöku flóttafólks. Þannig hafa 18 þátttakendur í verkefninu flust í Sveitarfélag Árbiðorg á árinu 2021 og 16 það sem af er árinu 2022 en þrír þeirra hafa flust út aftur. Þessir einstaklingar koma frá fimm löndum.

Ania kynnti nánar úrræði sem eru í boði í sveitarfélaginu, m.a. íslenskunámskeið fyrir foreldra barna með fjölmenningarlegan bakgrunn og starfsemi fjölmeningarteymis. Rætt var um framkvæmdahópinn í sveitarfélaginu sem var settur á laggirnar vorið 2021 en hópinn skipa fulltrúar frá Vinnumálastofnun á Suðurlandi, Rauða Krossinum í Árnessýslu og á höfuðborgarsvæðinu, Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Fjölmeningarsetri. Frá vorinu 2022 bættust fleiri sveitarfélög á Suðurlandi við þennan hóp en þar deila þátttakendur þekkingu sinni og reynslu.

Anna Linda Sigurðardóttir fjallaði um móttöku flóttabarna og fjölskyldna þeirra í Sveitarfélaginu Árborg og um starf fjölmeningardeildar Vallaskóla. Hún sagði frá stöðumatinu en markmiðið með því er að styðja við vinnu skólanna varðandi mat á þekkingu nemenda af erlendum uppruna þannig að skólinn geti undirbúið og aðlagað kennsluna að þörfum hvers nemanda og hans þekkingargrunni. Anna Linda sagði einnig frá fyrra móttökuverkefni sem fór á árunum 2017-2019 og íslenskukennslu fyrir flóttafólk, sem hún hafði umsjón með, en þá tóku Árborg og Hveragerðisbær saman á móti þremur kvótaflóttafjölskyldum frá Sýrlandi.

Bohdana og Fadwa ræddu svo um móðurmálskennslu í úkraínsku og arabísku sem fram fer í Vallaskóla og komu með hugmyndir að náms- og kennsluefni. Bohdana talaði einnig

um mikilvægi nærsamfélagsins og þann stuðning sem hún gæti veitt sem úkraínskumælandi einstaklingur til samlanda sinna sem hafa komið til sveitarfélagsins á árinu. Þá sögðu Fadwa og Ander reynslusögur af komu sinni til Íslands. Það var einstaklega dýrmætt að fá innsýn í upplifun og reynslu móður og sonar á flotta af því hvernig móttöku þau fengu í Árborg.

Heimsóknin var ánægjuleg og þátttakendur voru mjög sáttir með þá umræðu sem skapaðist. Samþættingarfulltrúar hjá Flóttamannastofnun undirstrikuðu hið mikilvæga hlutverk sem Sveitarfélagið Árborg tók að sér í gegnum samræmda móttöku flóttafólks en hún á að auðvelda samþættingu þjónustu við flóttafólk á öllum sviðum samfélagsins. Fjölskyldusviðið fékk sérstakt hrós fyrir þann fjölbreytileika sem er í starfsmannahópnum. Flóttamannastofnun mun halda áfram að fylgjast með þróun í þessum málaflokki hér á landi og efla öll samskipti við þá aðila sem koma að þessum málum.

Fræðsla á vegum RKÍ um sjálfsrækt í starfi með viðkvæmum hópum haldin fyrir starfsmenn félagsþjónustu 25. október 2022. Rætt var um:

- Afleiðd áföll (e. Secondary trauma) – hvaða áhrif hefur það á starfsfólk að vinna með fólki sem er í áfalli eða deilir sinni áfallasögu
- Að setja sér mörk í starfi – setja sér mörk gagnvart skjólstæðingum, samstarfsfólki og yfirmönnum
- Að setja eigin vellíðan í forgang – hvaða tól og tæki get ég notað til þess?

Fjárhagsaðstoð

Aukning fjárhagsaðstoðar var 84% milli áranna 2019 og 2020 en lækkaði um 22% milli áranna 2020 og 2021. Ef horft er til fyrstu 10 mánaða ársins 2022 þá hefur meðaltalsfjárhæð lækkað um 26% frá 2021. Heildargreiðsla í fjárhagsaðstoð er 8,4 milljónum lægri milli ára þegar horft er á fyrstu 10 mánuði hvers árs. Nú eru að meðaltali 24 einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð í hverjum mánuði, til samanburðar voru að meðaltali 29 árið 2021 og 49 árið 2020. Einstaklingar sem koma í gegnum samræmda móttöku flóttafólks eru ekki inni í þessum tölum.

Ár	Meðalgreiðsla á mánuði	Breyting á milli ára	Samtals fyrstu 10 mánuði hvers árs
2019	2.509.571		23.485.521
2020	4.624.737	84%	46.349.895
2021	3.604.521	-22%	35.081.549
Jan-okt 2022	2.668.136	-26%	26.681.355

Málefni fatlaðra

Sveitarfélagið Árborg veitir fjölbreytta þjónustu til fatlaðra einstaklinga og foreldra fatlaðra barna og er þjónustan veitt á heimilum og utan þeirra. Framkvæmd þjónustunnar er samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og miðar að því að skapa skilyrði til sjálfstæðs lífs og virkrar þátttöku í samfélaginu. Stefnumótun, framkvæmd og eftirlit með þjónustunni er í höndum sveitarfélagsins. Á Suðurlandi

starfar byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks sem ber nafnið Bergrisinn bs. og hefur heimili og varnarþing í Sveitarfélaginu Árborg. Sveitarfélögin Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Grímsnes- og Grafningshreppur, Flóahreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur reka byggðasamlagið saman. Starfsemi og fjármagn eftirfarandi þjónustuúrræða falla undir Bergrisann þó svo úrræðin séu starfrækt í Árborg þ.e.a.s. stuðningsfjölskyldur, skammtímadvöl, NPA samningar, sértæk búseta og VISS vinnu- og hæfingastöð.

Hjá félagsþjónustunni í Árborg störfuðu tveir ráðgjafaþroskaþjálfar til loka maí 2022, annar í 100% stöðugildi og hinn í 44% stöðugildi. Frá 1. júní var aukið um eitt stöðugildi hjá Sveitarfélaginu Árborg og starfa nú þrjú ráðgjafaþroskaþjálfar, tveir í barnateymi í 1,44 % stöðugildi og einn í fullorðinsteymi í fullu starfi. Einnig starfar ráðgjafaþroskaþjálfari þvert á þjónustusvæði Bergrisans með aðstöðu í Árborg. Hlutverk ráðgjafa í málefnum fatlaðra er meðal annars að veita sérhæfða ráðgjöf til forsjáraðila barna með fötlun og fullorðins fólks með fötlun, veita leiðsögn og stuðning vegna réttinda og þjónustu. Meta stuðningsþörf vegna sérhæfðrar þjónustu og koma með tillögur að þjónustu þar sem við á. Jafnframt sitja ráðgjafaþroskaþjálfar þverfaglega teymisfundi með forsjáraðilum, fagfólki leik-, grunn- og framhaldsskóla og öðrum þjónustuaðilum og sérfræðingum sem koma að málefnum hvers einstaklings. Ráðgjafaþroskaþjálfar taka auk þess þátt í margvíslegu samstarfi er varðar þjónustu og mótun hennar við fatlað fólk á öllum aldri með það að leiðarljósi að veita fötluðu fólki stuðning til þátttöku í almennu starfi, tryggja sérstuðning og móta tillögur að sértækum úrræðum ef við á. Meðal verkefna af þessu tagi er samstarf varðandi sérstuðning í félagsmiðstöðina Zelsíuz og vegna sumarstarfa fyrir ungmenni með fatlanir hér í Árborg. Starfandi eru m.a samráðshópar með Vinnuálastofnun vegna atvinnumála fatlaðs fólks, við geðheilsuteymi HSu og Birtu starfsendurhæfingu. Þétt samstarf vegna einstaklingsmála er m.a við Barna- og unglingageðdeild, geðheilsuteymi barna, Geðdeild Landspítala, Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins og barnadeild Landspítala.

Samráðshópur um þjónustu við seinfæra foreldra hefur tekið til starfa og hefur hann að markmiði að þróa þjónustu við foreldrana í samstarfi við aðrar deildir fjölskyldusviðs og Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Heildarmálafjöldi ráðgjafa í málefnum fatlaðra hjá félagsþjónustu Árborgar í árslok 2021 voru 228. Töluverð fjölgun hefur orðið í nýjum málum frá árinu 2020 eða 61 mál, jafnframt hefur orðið aukning í vinnslu mála þar sem þjónustuþarfir eru flóknari og eru miklar áskoranir fram undan í að fjölga úrræðum í takt aukna þörf og fjölgun íbúa í sveitarfélaginu.

Félagsleg liðveisla - skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Félagsleg liðveisla/persónulegur stuðningur er til að efla viðkomandi til sjálfshjálpar, veita persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð við að njóta menningar- og félagslífs. Í Sveitarfélaginu eru 62 einstaklingar með félagslega liðveislu/persónulegan stuðning, 27 börn og 34 fullorðnir. Átján einstaklingar eru á bið eftir þjónustu en erfitt hefur verið að fá starfsfólk til starfa.

Akstursþjónusta - skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

Akstursþjónusta fatlaðra er ætluð þeim íbúum sem eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Árborg og þurfa sérhæfða þjónustu til að komast leiðar sinnar vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar. Reglur Sveitarfélagsins Árborgar um akstursþjónustu og gjaldskrá voru uppfærðar árið 2022. Töluverð aukning hefur orðið í fjölda notenda á akstursþjónustunni og á síðustu fimm árum hefur notendum fjölgað um 75% en frá október 2021 til október 2022 er aukningin 60,42%. Því miður hefur ekki verið hægt að veita öllum akstursþjónustu sem þurfa á því að halda og eiga rétt á því.

Stuðningsfjölskyldur - skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018

Stuðningsfjölskylda er ætluð til að létta álagi af fjölskyldum fatlaðra barna og auka félagslega þátttöku þeirra. Þörf fyrir þjónustu er metin út frá aðstæðum barns og fjölskyldu. Við matið er horft til fötlunar barnsins og umönnunarþarfar, sem og félagslegra aðstæðna fjölskyldunnar. Sextán börn eru með stuðningsfjölskyldu og að auki eru fimmtán börn með samþykkt fyrir stuðningsfjölskyldu en eru á bið eftir að þjónusta geti hafist því erfitt reynist að fá stuðningsfjölskyldur til starfa.

Skammtímadvöl Álftarima 2, Selfossi - skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018

Fötluð börn og ungmenni eiga rétt á skammtímadvöl utan heimilis þegar þörf krefur. Skammtímadvöl er ætlað að veita fötluðum einstaklingum tímabundna dvöl vegna mikilla umönnunarþarfa umfram jafnaldrar. Um skammtímadvöl gilda reglur Bergrisans og er þetta eina skammtímadvölin á þjónustusvæðinu. Heimilt er að veita fullorðnum fötluðum einstaklingum sem búa í foreldrahúsum skammtímadvöl meðan beðið er eftir annarri þjónustu. Yfirleitt dvelja fjórir til sex einstaklingar í skammtímadvöl samtímis. Opíð er bæði virka daga og um helgar. Ekki er opíð á stórhátíðardögum og lokað er í nokkrar vikur á sumrin. Stöðugildin í skammtímadvöl eru 7,2 og starfa þar 12 starfsmenn í mismunandi starfshlutföllum.



1. nóvember 2022 voru notendur skammtímadvalar 21 með úthlutaða mismunandi fjölda sólarhringa á mánuði. Af þeim eru 14 með lögheimili í Árborg, þar af sjö börn. Biðlisti er í skammtímadvöl af öllu þjónustusvæðinu og eru 27 einstaklingar skráðir á biðlista, bæði eftir að fá úthlutað dvöl og eftir aukningu. Fjöldi á biðlista með lögheimili í Árborg eru 17

og þar af eru fjórir sem bíða eftir aukningu. Ljóst er að ekki er hægt að veita öllum þeim sem þurfa skammtímadvöl og brýnt er að finna lausn á þeim vanda.

Sértæk búseta - skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018

Tvö heimili með sólarhringsþjónustu fyrir 18 ára og eldri og eitt búsetuúrræði fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir eru starfrækt í Sveitarfélaginu Árborg og starfa þau á grundvelli Bergrisans. Á heimilunum þremur hefur verið unnið að því að innleiða samskipta og skipulagsforritið MEMAXI sem er tæknilausn sem einfaldar og leysir margvísleg samskipta-, skráningar- og skipulagsmál sem eykur gæði þjónustunnar og persónulega miðaða þjónustu við íbúana. Í MEMAXI er sett inn t.d. stundatafla, dagskipulag, samskiptabækur, viðburðir, þrífaplön og annað sem við kemur íbúum og heimilinu sjálfu. MEMAXI er til dæmis einnig hægt að tengja við skóla og vinnustaði íbúa þannig að samskipti milli þeirra sem koma að þjónustu íbúanna er auðveldari. Innleiðingin hefur gengið vel og hefur verið góð samvinna á milli heimilanna og fulltrúa MEMAXI varðandi þróun og nánari útfærslu.

Heimilið að Vallholti 12-14

Heimilið að Vallholti 12-14 veitir sólarhringsþjónustu fyrir fatlað fólk og þar búa fimm einstaklingar á aldrinum 38-74 ára og starfsmenn eru 13 í 9,2 stöðugildum. Um er að ræða fimm rúmgóðar íbúðir sem eru frá 48-62 fermetra, með góðri eldunaraðstöðu, baðherbergi og svefnherbergi eða svefnkrók. Þjónustan við íbúana fer fram inni í þeirra íbúðum. Lögð er áhersla á að skapa íbúum heimili þar sem þeir geta búið á eigin forsendum. Heildarmarkmið er að tryggja íbúum öryggi og vellíðan, efla möguleika íbúa til sjálfshjálpar, auka sjálfstæði og sjálfstraust þeirra, efla til félagslegra samskipta og virkja þá til samfélagslegrar þátttöku. Leitast er við að framfylgja þeim skyldum og réttindum sem fatlaðir eiga að búa við m.a. samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, samkvæmt 7.gr. reglugerðar um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 1054/2010, lög um félagsþjónustu nr 40/1991 og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Heimilið að Vallholti 9

Heimilið að Vallholti 9 er herbergjasambýli og þar búa fimm einstaklingar á aldrinum 36 -55 ára sem þurfa sólarhringsþjónustu. Starfsmenn eru 16 í 11,3 % stöðugildum, auk tímavinnu starfsmanna. Íbúarnir fara allir í dagþjónustu á VISS hluta úr degi og sækja viðburði á vegum Tólmstundaklúbbsins Selsins tvisvar í viku. Þeir fara einnig á námskeið á vegum fullorðinsfræðslu einu sinni í viku. Markmið heimilisins eru að öllum líði vel og fái tilboð og þjónustu við hæfi til að rjúfa einangrun íbúanna.

Vallholt 27, sértæk búseta fyrir börn

Heimilið að Vallholti 27 er búsetuúrræði fyrir börn sem byggir m.a. á grundvelli reglugerðar um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir skv. 21.gr laga, nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og samkvæmt 7.gr. reglugerðar um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 1054/2010. Tveir einstaklingar dvelja þar að jafnaði og er um að ræða sólarhringsþjónustu en íbúarnir eiga lögheimili hjá forsjáraðila sínum. Stöðugildi á

heimilinu eru 9,2. Tilgangur heimilisins er að veita börnunum umönnun og þjónustu í samræmi við þarfir þeirra. Veitt er heildstæð og einstaklingsbundin þjónust aog stuðlað er að góðum tengslum og náinni samvinnu við forsjáraðila og aðra aðstandendur barnanna. Unnið er eftir hugmyndafræðinni um þjónandi leiðsögn og byggir hún á gagnkvæmum tengslum þjónustunotenda og umönnunaraðila. Markmið með þjónandi leiðsögn er að einstaklingurinn upplifi öryggi, fái umhyggju og kærleika, veiti umhyggju og kærleika og sé þátttakandi í sínu eigin lífi.



Fjöldi á bið eftir búsetu á þjónustusvæði Bergrisans

1. september 2022 voru 14 einstaklingar á biðlista eftir búsetu með sólarhringsþjónustu, af þeim eru sjö með lögheimili í Árborg. Níu einstaklingar eru að óska eftir breytingu á búsetu sinni og eru sex þeirra með lögheimili í Árborg, fimm af þeim búa á herbergjasambýli sem uppfyllir ekki reglugerð og er heimilið því rekið á undanþágu. Eitt barn er á biðlista eftir sértækri búsetu fyrir börn.

Árið 2019 var settur á stofn vinnuhópur þvert á Bergrisasvæðið um byggingu þjónustukjarna með sólarhringsþjónustu fyrir fólk með fötlun á þjónustusvæði Bergrisans og situr ráðgjafaþroskaþjálfari fullorðinsteymis í þeim hóp. Tekin var ákvörðun um að nýr þjónustukjarni fyrir sex íbúa yrði byggður á Selfossi, sem kemur þó ekki í staðinn fyrir herbergjasambýlið. Markviss vinna hefur átt sér stað í vinnuhópnum varðandi undirbúning og skóflustunga var tekin 18. nóvember sl. að Nauthaga 2. Brýnt er að halda áfram uppbyggingu búsetuúrræða, bæði í Árborg og á öðrum svæðum Bergrisans, en eins og fram hefur komið eru margir á biðlista og er biðtími eftir viðeigandi búsetutilboðum óeðlilega langur.



NPA og beingreiðslusamningar

NPA er notendastýrð persónuleg aðstoð og beingreiðslusamningar/notendasamningar sem er veitt skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og/ eða samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Samningarnir byggja á hugmyndafræði um sjálfstætt líf. Einstaklingar sem eru með slíka samninga stýra sjálfir fyrirkomulagi þjónustunnar og ákveða hvaða aðstoð er veitt, hvernig hún er skipulögð, hvenær og hvar hún fer fram og hver veitir hana. Samningarnir eru mismunandi eftir mati á stuðningsþörf hvers og eins notanda. 1. september 2022 voru tíu virkir samningar, þrjú NPA samningar við fullorðna einstaklinga og sex beingreiðslusamningar, þar af fimm við fullorðna.



Viss – vinnu- og hæfingarstöð Gagnheiði 39

Á VISS vinnu- og hæfingarstöð sem er rekin af Bergriðnum er lögð áhersla á að skapa atvinnutækifæri fyrir fatlaða einstaklinga, 18 ára og eldri og veita þeim starfsþjálfun og hæfingu með því markmiði að efla starfsfærni, þátttöku og auka lífsgæði. Á það við hvort sem einstaklingur stefnir á almennan vinnumarkað seinna meir eða áframhaldandi vinnu á VISS. Starfseiningar Viss eru fjórar, eru þær staðsettar á Selfossi, Flúðum, Þorlákshöfn og Hvolsvelli. Unnið er samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr 38/2018, reglugerð 376/1996 um atvinnumál fatlaðs fólks og sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Á tímabili frá 31. maí 2021 til 1. des 2022 hafa starfsmenn á VISS Selfossi verið 49. Af þeim eru 31 sem eiga lögheimili í Árborg. Starfsmenn frá öðrum sveitarfélögum eru 12 og í starfsnámi frá FSu hafa verið fimm. Frá Virk/Birtu



starfsendurhæfingu hafa tveir komið í starfshæfnisprufur í átta til tíu vikur í senn. Á VISS Selfossi eru stöðugildi leiðbeinenda 9,33 og 12 leiðbeinendur starfa í mismunandi starfshlutföllum. Síðastliðin ár hafa litast af Covid með takmörkunum og höftum en starfsemin hélst þó gangandi. Eftir að öllum höftum lauk í febrúar 2022 hefur starfsemin færst í eðlilegt horf og haldin var langþráð árs hátíð þar sem allir VISS staðirnir komu saman og skemmtu sér.

VISS á Selfossi fékk viðurkenningu frá Sveitarfélaginu Árborg í ágúst sl. fyrir framlag til umhverfismála en VISS leggur mikla áherslu á að vinna úr endurnýttu efni og má þar nefna ýmsa smíðagripa sem seldir eru í verslun VISS í Gagnheiði. Gömul handklæði og lín er notað í tuskur fyrir verkstæði og þjónustuaðila og farið er reglulega í plockferðir og rusl hreinsað á opnum svæðum.

Barnavernd Árborgar

Hjá barnavernd Árborgar starfa 7 starfsmenn sem sinna daglegum störfum barnaverndar. Tilkynningum til barnaverndar hefur haldið áfram að fjölga á milli ára og ef skoðaður er samanburður frá árinu 2019 má sjá að tilkynningum hefur fjölgað úr 192 í rúmlega 600 tilkynningar það sem af er 2022. Árið 2021 bárust barnavernd Árborgar 604 tilkynningar. Í ljósi þess hefur máluð sem eru til vinnslu hjá barnavernd einnig fjölgað umtalsvert. Töluverðar breytingar munu eiga sér stað með endurskoðun barnaverndarlaga sem taka gildi nk. áramót og má þar einna helst nefna stofnun umdæmisráðs barnaverndar sem tekur yfir hlutverk sem hingað til hefur verið hjá pólitískt skipaðri barnaverndarnefnd sveitarfélagsins. Barnavernd fær einnig hlutverk í nýjum lögum er varða samþætta þjónustu í þágu farsældar barna og hefur það í för með sér jákvæðar breytingar fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

Breytingar á félagsþjónustu

Þann 15. nóvember 2021 voru gerðar breytingar í félagsþjónustu Árborgar sem miðuðu að því að bæta þjónustu við íbúa sveitarfélagsins og auka skilvirkni í þjónustu. Breytingar fólust í því að því að starfsfólki félagsþjónustu var skipt upp í tvö teymi, annars vegar barnateymi og hins vegar

fullorðinsteymi. Öll þjónusta við íbúa var færð undir þessi teymi og er þar veitt þverfagleg þjónusta við einstaklinga út frá þörfum, óháð kyni, þjóðerni eða eðli vanda.

SES samvinna eftir skilnað

Sveitarfélagið Árborg hefur hafið þátttöku í verkefninu Samvinna eftir skilnað. Verkefnið er aðgengilegt öllum að kostnaðarlausu sem fara í gegnum skilnað en það samanstendur af 18 netnámskeiðum. Ef íbúar Árborgar þurfa frekari fræðslu og stuðning verður boðið upp á hópnámskeið sem haldið verður af starfsmönnum velferðarþjónustu í febrúar 2023. Á námskeiðinu eru foreldrar aðstoðaðir við að bæta foreldrasamvinnu og auka skilning á stuðningsþörfum barna við skilnað foreldra.

Gæðaúttekt starfseininga velferðarþjónustu sem þjónusta fólk með fötlun

Tvær búsetueiningar, sértæk búseta fyrir börn, Viss vinnu- og hæfingarstöð, auk skammtímadvalar hafa undanfarið ár farið í gegnum gæðaúttekt. Samkvæmt 5. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 bera sveitarfélögin ábyrgð á innra eftirliti með framkvæmd þjónustu við fatlað fólk. Markmiðið með innra eftirliti er að stuðla að því að gæði þjónustunnar fylgi lögum, reglugerðum og ríkjandi hugmyndafræði sem bundin er í lög og að þjónustan komi til móts við þarfir notenda, jafnframt að styðja við valdeflingu og þátttöku notenda. Gæðaúttektin var framkvæmd af Elly Þorsteinsdóttur, félagsráðgjafa, sem hefur leitt sams konar gæðaúttektir fyrir sveitarfélag undanfarin ár.

Stjórnsýsluúttekt Bergriðans

Í nóvember 2022 var birt skýrsla með niðurstöðu úttektar á rekstri og stjórnsýslu málaflökks fatlaðs fólks á starfssvæði Bergriðans bs. Bergriðinn er byggðasamlag þrettán sveitarfélaga á Suðurlandi og reka þau sameiginlega sértæka þjónustu við fatlað fólk á þjónustusvæði Suðurlands. Niðurstaða úttektarinnar voru tillögur að hagræðingu í stjórnsýslu og rekstri. Markmið úttektarinnar var að reksturinn skili aukinni framlegð og bættri þjónustu við notendur hennar.

Fræðsla velferðarþjónustu til innri stofnana

Teymisstjórnar barnaverndar og barnateymis, Anna Rut Tryggvadóttir og Sigbrúður Birta Jónsdóttir, hafa síðastliðið ár lagt mikla áherslu á að kynna starfsemi teymanna til annarra stofnana sem tilheyrja Árborg. Farið hefur verið með kynningar inn í skóla Árborgar, frístundarárræði og íþróttafélög. Lögð hefur verið sérstök áhersla á að kynna starfsemi barnaverndar og tilkynningaskyldu þeirra sem starfa með börnum. Nýlega stofnað barnateymi hefur einnig nýtt sér vettvanginn til að kynna teymið, starfsmenn teymisins og hlutverk þess í starfi með fjölskyldum í sveitarfélaginu. Kynningarnar hafa verið afar vel sóttar og starfsmenn sem hafa setið þær telja sig mun betur upplýsta og hefur þetta einnig leitt til enn farsælla samstarfs stofnana í Árborg.

10. Ýmis þverfagleg verkefni

Mennta- og barnamálaráðherra heimsótti fjölskyldusvið Árborgar

Mánudaginn 3. október var fjölmennur kynningar- og umræðufundur haldinn í Grænumörk 5 um innleiðingu farsældarlaganna í Árborg. Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, sótti fundinn ásamt fríðu föruneysi úr ráðuneytinu og Barna- og fjölskyldustofu. Auk bæjarstjóra sóttu margir þjónustuveitendur í Árborg fundinn frá grunnskólum, leikskólum, félagsþjónustu, skólaþjónustu, frístundaþjónustu, FSu og HSu.

Eftir að Heiða Ösp Kristjánsdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu, sem var fundarstjóri, hafði boðið fundarmenn velkomna rakti Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, stuttlega sögu skipulagsbreytinga í skóla- og velferðarmálum sveitarfélagsins á undanförnum árum. Kristín Björk Jóhannsdóttir, verkefnastjóri farsældarteymis, kynnti áherslur, verklag og farsældarskref fjölskyldusviðs með virkri þátttöku nokkurra þjónustuveitenda sem voru þau Sigbrúður Birta Jónsdóttir, teymisstjóri barnateymis, Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson, deildarstjóri, frístundaþjónustu, Lucinda Árnadóttir, yfirsálfræðingur skólaþjónustu, Harpa Kristín Hlöðversdóttir, sérkennslustjóri Árbæjar, Anna Guðrjúður





Gunnarsdóttir, verkefnastjóri ung- og smábarnaverndar á HSU, Sædis Ósk Harðardóttir, deildarstjóri sérdeildar Suðurlands, Bryndís Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi hjá barnavernd og Olga Lís Garðarsdóttir, skólameistari FSU.

Eftir kynninguna voru liflegar umræður og í lok fundar ávarpaði Ásmundur Einar Daðason, ráðherra, samkomuna þar sem hann lýsti yfir ánægju sinni með fundinn og þau stóru farsældarskref sem fjölskyldusvið Árborgar hefur nú þegar stigið í innleiðingu farsældarlaganna. Einnig brást ráðherra við spurningum og ábendingum sem fram höfðu komið í umræðum. Það var samdómalaft fundarmanna að fundurinn hefði bæði verið góður og gagnlegur.

Starfsdagar fjölskyldusviðs

Deildir fjölskyldusviðs, félagsþjónusta, frístundaþjónusta og skólþjónusta, sem eru með starfsstöðvar sínar í Ráðhúsi Árborgar, halda a.m.k. tvo 5 klst. starfsdaga á hverju ári þar sem áherslur fagsviðsins eru kynntar og hvað hefur áunnist frá síðasta starfsdegi. Jafnframt er gefið tækifæri til ígrundunar og hugmyndavinnu í litlum þverfaglegum vinnuhópum. Meginniðurstöður er svo teknar saman og ræddar nánar á húsfundum fjölskyldusviðs og kynntar í fagnefndum fjölskyldusviðs. Föstudaginn 1. apríl 2022 var haldinn starfsdagur í Grænumörk 5 þar sem farsældarlögin voru rædd sérstaklega og spáð í hvar við værum stödd í innleiðingu þeirra. Kristín Björk Jóhannsdóttir, verkefnastjóri farsældarteymis, leiddi þá kynningu og umræðu. Deildarstjórar og sviðsstjóri tóku svo saman nokkur atriði (undirstríkuð) úr sameiginlegu hugarflæði hópsins sem þeir vilja gjarnan setja í forgang:

Húsnæðismál

- Húsnæðismál, félagslegt leiguhúsnæði og húsnæði fyrir fatlað fólk
- Húsnæðismál Kotsins – lausn í sjónmáli haustið 2024 í nýrri frístundamiðstöð. Erfið tvö ár framundan

Börn með stuðningsþarfir

- Málefni barna með stuðningsþarfir, m.a. frístundir
- Óhefðbundin kennsla þegar barn funkera illa í skólanum, starfsnám o.fl. á skólatíma, sérsniðið nám
- Stuðningur við börn með fötlun og stuðningsþarfir í íþróttum

Mannauðsmál, kynningarmál og upplýsingamiðlun

- Fræðslukynning á fjölskyldusviði út í skólana
- Efla þjónustuver svo hægt sé að aðstoða m.a. fólk af erlendum uppruna
- Upplýsingaflæði til almennings í gegnum Árborgarvefinn
- Kynningu út í skólana verði fylgt eftir út í lausnateymi, deildarfundi o.s.frv.
- Koma til móts við starfsmenn vegna aukinnar streitu - núvitundarkynning o.fl.

Aðgerðaáætlun:

1. Stofna þverfaglegt úrræða- og fræðsluteymi á fjölskyldusviði
2. Stjórnendur fari í það að skoða Árborgarvefinn m.t.t. upplýsingamiðlunar á þjónustu og úrræðum

Efling þjónustu og úrræða á fjölskyldusviði

- Endurskoðun á frístundaakstrinum með þarfir barna í huga
- Frekari námskeið sem hægt er að vísa á og sálfræðiþjónustu innanhúss - sálfræðingur á fjölskyldusvið sem er í meðferðarvinnu
- Fjölbreyttari vinnu- og virkniúrræði fyrir ungt fólk með fjölbættan vanda (skoða þarf að kynna Auðlindina betur og þetta eflist með tilkomu frístundamiðstöðvar)
- Þjónusta við fólk sem glímur við geðrænan vanda sem erfitt er að þjónusta
- Skoða 1. stigs almenna þjónustu til foreldra, brúa bilið milli fagstétta (þetta er í farvegi í sambandi við innleiðingu farsældarlaganna)
- Regluleg endurskoðun námskeiða sem eru í boði hjá sveitarfélaginu fyrir börn og forelda
- Efla þjónustu við börn og foreldra í vímuefnavanda
- Pólskumælandi þjónustufulltrúi og/eða ráðgjafi til félagsþjónustu

Innra starf

- Aukin lögræðileg þjónusta innanhúss (þyrfti að fjölga um a.m.k. 1-2 stg. - snýr bæði að hagræðingu og auknum stuðningi og ráðgjöf við starfsfólk)
- Fjölga mannauðsráðgjöfum, auka þarf m.a. stuðning við stjórnendur varðandi ráðningar o.fl. (þyrftum að hafa a.m.k. 1-2 til viðbótar)
- Samþætta fyrir alla hópa, m.a. aldraða, fatlaða
- Gæta jafnræðis í stuðningsúrræðum, hvaða mælitæki við notum

- Þörf á mun meiri fræðslu til stjórnenda varðandi ný kerfi, svo sem Jira, ábendingagátt, möguleika Office365, Navision o.fl. Gott væri að hafa gæðastjóra og gæðahandbók.

Árborg gegn ofbeldi

Í byrjun sumars var birt frétt á arborg.is og víðar, skrifuð af Önnu Rut Tryggvadóttur, teymisstjóra barnaverndar, og Díönu Gestsdóttur, lýðheilsu- og forvarnarfulltrúa, þar sem barnavernd Árborgar, lögregla og þeir aðilar sem koma að málefnum barna lýstu því yfir að þau hafi orðið vör við aukningu í ofbeldishegðum ungmenna í Árborg. Dæmi voru um alvarleg atvik sem hafa haft mikil áhrif á þolendur, gerendur og vitni. Þeir sem koma að málefnum barna í sveitarfélaginu kölluðu eftir samstarfi við foreldra og forráðamenn ungmenna, ásamt ungmennunum sjálfum um að snúa við þessari þróun. Mikilvægt er að taka höndum saman um að styrkja það unga fólk sem við eigum hér í Árborg. Samstarfsaðilar stóðu að útgáfu á stuttum fræðslumyndböndum varðandi þá þætti sem gott er fyrir alla sem koma að málefnum barna að hafa vitneskju um. Myndböndin eru aðgengileg á YouTube.

- Sjá grein um verkefni þetta verkefni m.a. [Ósýnilegt ofbeldi? Hvar eru börnin okkar og hvað eru þau að gera? - DFS.is](https://www.dfs.is/visunlegt-ofbeldi/)
- [Árborg gegn ofbeldi - YouTube](https://www.youtube.com/watch?v=...)
- [Árborg gegn ofbeldi - Fræðslumyndband - YouTube](https://www.youtube.com/watch?v=...)
- Erlend tungumál:
- [Árborg gegn ofbeldi - \(English subtitles\) - YouTube](https://www.youtube.com/watch?v=...)
- [Árborg gegn ofbeldi - \(Polskie napisy\) - YouTube](https://www.youtube.com/watch?v=...)
- [Árborg gegn ofbeldi - Educational video - YouTube](https://www.youtube.com/watch?v=...)

Skólalastjórar í Árborg lýsa yfir áhyggjum af auknu ofbeldi meðal ungra nemenda. Upp hafa komið ofbeldismál á yngsta stigi í tveimur grunnskólum í Árborg. Miklar áhyggjur eru af skóla- og félagsfærni ungra nemenda og vangaveltur eru uppi um að þau börn sem voru mikið heima á tímum Covid hafi misst af ákveðinni færniþjálfun. Mikilvægt er að efla félagsfærniþjálfun og veita skólunum stuðning við að taka á þessum aukna vanda.



Hagnýtt námskeið fyrir foreldra barna með fjölmennningarlegan bakgrunn

Dagana 19. október til 18. nóvember 2021 var haldið hagnýtt íslenskunámskeið fyrir foreldra barna með fjölmennningarlegan bakgrunn á grunnskólaaldri. Um var að ræða þróunarverkefni hjá fjölskyldusviði Árborgar styrkt af Íslenskujóðnum í Háskóla Íslands.

Markmið verkefnisins var að bjóða foreldrum grunnskólanema með fjölmennningarlegan bakgrunn í Sveitarfélaginu Árborg upp á ókeypis íslenskunámskeið þar sem þeir myndu kynna helstu hugtökum og efla orðaforða sem tengdist skólastarfi, en rannsóknir sýna að tungumálaörðugleikar geta hindrað þátttöku foreldra í skólastarfi. Tilgangur verkefnisins var að efla vald og notkun á íslensku máli foreldra fjöltyngdra barna og styðja þannig við íslenskunám þeirra en Aðalnámskrá grunnskóla (2013) gerir ráð fyrir að foreldrar séu virkir þátttakendur í skólasamfélaginu í samvinnu við skólalastjórnendur, kennara og aðra starfsmenn skóla.

Kynningarbréf var sent til allra skólalastjóra ásamt bréfi og þátttökukönnun til foreldra á þremur tungumálum, íslensku, ensku og pólsku. 12 foreldrar og 11 börn þeirra á leik- og grunnskólaaldri tóku þátt í námskeiðinu. Kennt var tvö kvöld í viku í fimm vikur, samtals 20 kennslustundir. Kennari námskeiðsins var Anna Linda Sigurðardóttir. Hún hefur margra ára reynslu af kennslu íslensku sem annars máls og starfar sem deildarstjóri fjölmenningardeildar í Vallaskóla. Að kennslunni komu einnig Aneta Figlarska, kennsluráðgjafi í fjölmenningu, og Anna Katarzyna Wozniczka, verkefnastjóri í málefnum flóttamanna.

Þátttakendur fengu fjölbættu fræðslu, en notast var við Mentor, aðalvefsíðu Árborgar og fjölmenningarvef Árborgar. Viðfangsefni námskeiðsins var m.a. skólakerfi á Íslandi, starfsemi fjölskyldusviðs, skráning nemenda í frístundir, virkt fjöltyngi, skólaorðaforði, Mentor o.fl. Þá voru þátttakendur einnig fræddir um millimenningu en um fræðsluna sá gestakennarinn Nichole Leigh Mosty, forstöðukona Fjölmenningarseturs.

Boðið var upp á gæslu fyrir börn þátttakenda á meðan á námskeiðinu stóð, í formi leikja og samræðna í samstarfi við Rauða krossinn. Safnað var upplýsingum um íslenskukunnáttu foreldra og viðhorf þeirra til námskeiðsins í upphafi og lok verkefnisins. Aneta Figlarska, kennsluráðgjafi í fjölmenningu, Anna Linda Sigurðardóttir, deildarstjóri fjölmenningardeildar í Vallaskóla, og Anna Katarzyna Wozniczka, verkefnastjóri í málefnum flóttamanna, hjá Sveitarfélaginu Árborg stóðu að kynningu á námskeiðinu þann 7. október á Menntavísindum, árlegri ráðstefnu í menntavísindum á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Verkefnið fékk styrk að upphæð 500.000 kr. sem notaður var í eftirfarandi kostnaðarþætti: laun kennara, undirbúning og prentun námsgagna, kaffiveitingar í kennslutímum og ferðakostnað. Námskeiðið fór fram í Vallaskóla á Selfossi en skipuleggjendur fengu ókeypis afnot af kennslustofum í skólanum. Einnig var stuðst við eigið vinnuframlag sem og vinnuframlag sjálfboðaliða Rauða krossins.

Reynslan sem við tókum með okkur eftir námskeiðið er að nemendahópurinn er fjölbreyttur hvað varðar bakgrunn og móðurmál. Þarfir þeirra eru ólíkar og margt t.d. í sambandi við skráningar í frístundir sem þeir þekktu ekki fyrir. Þá þurfa þeir aðstoð við ýmislegt fleira sem tengist ekki skólamállum beint. Þátttakendur fengu afrit af öllu námsefni og er það von okkar að það nýtist þeim til frekari vinnu. Námskeiðið var heldur stutt miðað við umfangið en nemendur fengu engu að síður gott rými til tjáningar og spurninga og virtust öruggir. Í foreldraviðtölum sem haldin voru eftir námskeiðið var sjáanlegur munur á því hversu öruggari þeir foreldrar voru sem höfðu setið námskeiðið hjá okkur. Covid hafði vissulega

Fræðslufundur fjölskyldusviðs og grunnskóla sveitarfélagsins

Á vordögum 2022 var ákveðið að endurvefja fræðslufundi fyrir foreldra sem höfðu legið í dvala eftir Covid og fara af stað með fræðslu á breiðari grunni en áður hafði verið. Ákveðið var að hafa fræðsluna sambærilega í öllum grunnskólum Árborgar og leggja áherslu á foreldra barna í 1., 5. og 8. bekk eða við upphaf hvers stigs. Undirbúningur var í höndum skólastjórnenda og þverfaglegs hóps starfsfólks fjölskyldusviðs og voru fyrstu fræðslufundirnir haldnir í lok ágúst 2022. Fræðslan samanstóð af kynningu á helstu áherslum hvers skóla, stigs og bekkjar, kynningu á fjölskyldusviði og starfsemi þess, auk fræðsluerindis frá sérfræðingum fjölskyldusviðs. Deildarstjórar fjölskyldusviðs skiptu með sér kynningum á sviðinu og komu fjölmargir starfsmenn skólanna og sviðsins að undirbúningi og skipulagi fræðslufundanna. Í 1. bekk var áhersla lögð á fræðslu um upphaf grunnskólagöngu og hvað foreldrar geta gert til að stuðla að farsælu upphafi. Það voru sálfræðingar skólalþjónustu sem sáu um fræðsluna. Í 5. bekk vara áhersla lögð á barnið og fjölskylduna, líðan, áhrifaþætti og lausnir og voru það teymisstjóri barnaverndar og barnateymis velferðarþjónustu sem sáu um þá kynningu. Í 8. bekk var síðan áhersla lögð á frístundir barna og þau úrræði sem eru í boði í sveitarfélaginu fyrir þann aldurshóp og var það starfsmaður frístundalþjónustu sem kynnti það.

Það er mat þeirra sem að fræðslunni stóðu að mikilvægt sé að árlega verði boðið upp á fræðslu af þessu tagi fyrir foreldra barna í 1., 5. og 8. bekk. Hugað verður að því að setja fræðsluna inn á skóladagatöl skólanna og að áfram verði fjölbreyttur hópur sérfræðinga fjölskyldusviðs og skóla sem komi að fræðslunni. Að bjóða upp á sambærilega fræðslu í öllum grunnskólum Árborgar þótti heppnast vel og er gott dæmi um virkt lærdómssamfélag þar sem unnið er að sameiginlegum markmiðum til að efla skólana og foreldrahópinn.

11. Sviðsstjóri kveður og nýr tekur við

Þegar þetta er ritað er nýbúið að ganga frá ráðningu nýs sviðsstjóra fjölskyldusviðs. Heiða Ösp Kristjánsdóttir hefur verið ráðin í starfið sem var auglýst laust til umsóknar þann 8. október síðastliðinn. Alls bárust 11 umsóknir um starfið, tveir umsækjendur drógu umsóknir sínar til baka. Heiða Ösp lauk BA-prófi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands með starfsréttindum árið 2006. Þá lauk hún MA-prófi í félagsráðgjöf frá sama háskóla árið 2014. Heiða Ösp hefur starfað sem deildarstjóri félagsþjónustu Árborgar frá 2020. Á árunum 2018-2020 starfaði hún sem ráðgjafi og atvinnulífstengill hjá VIRK og á árunum 2013-2018 starfaði hún sem félagsráðgjafi hjá barnavernd Árborgar. Á árunum 2011-2013 var Heiða Ösp forstöðumaður unglingsmiðjanna Traðar og Stígs hjá Reykjavíkurborg.

Heiða Ösp mun taka við starfi sviðsstjóra um áramótin en þá lætur Þorsteinn Hjartarson af störfum eftir rúmlega 11 ár, fyrst sem fræðslustjóri og svo sem sviðsstjóri fjölskyldusviðs frá árinu 2019. Þessi stöðuskýrsla er eitt af síðastu verkefnum sem Þorsteinn kemur að á fjölskyldusviði og því vel við hæfi að hann sendi góðar kveðjur og árnaðaróskir til Heiðu og allra samstarfsaðila í Árborg. Verkefni á fjölskyldusviði og fyrrum fræðslusviði hafa verið ánægjuleg og gefandi. Þessi starfsreynsla mun nýtast Þorsteini vel í nýju starfi skrifstofustjóra stefnumótunar og innleiðingar hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu.



Sveitarfélagið
ÁRBORG